# FRÉTTABLAÐIÐ

57. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. MARS 2016


# Hagsmunir ríkisins verði hafðir að leiðarljósi

**Formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur efasemdir um að ný reikniregla um eiginfjárhlutföll eigi við um íslensku tryggingafélögin. Koma verði í veg fyrir að ríkið beri skaða af starfsemi tryggingafélaganna. Félögin leggja til 9,6 milljarða arðgreiðslu.**

**VIÐSKIPTI** Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hefur efasemdir um það að reikniregla í samræmi við Solvency II tilskipun Evrópusambandsins eigi við um tryggingafélög sem séu of stór til þess að ríkissjóður geti látið þau falla.

Stjórnir tryggingafélaganna þriggja leggja til að hluthafar fái greitt samtals 9,6 milljarða í arð vegna síðasta árs. Þar af ætlar VÍS að greiða fimm milljarða og Sjóvá þrjá milljarða. Bent var á það í Markaðnum í síðustu viku að arðgreiðslurnar í tilfelli Sjóvár og VÍS séu að hluta til tilkomnar vegna nýrra reikningsskilaaðferða sem félögin tóku upp í samræmi við Solvency II tilskipun Evrópusambandsins. Með hinni nýju aðferð lækkaði vátryggingaskuld Sjóvár í ársbyrjun 2014 um 2,7 milljarða og eigið fé hækkaði um 2,2 milljarða. Þá lækkaði vátryggingaskuld VÍS um fimm milljarða og eigið fé hækkaði um 3,7 milljarða vegna breytinganna.

„Það getur vel verið að þessi reikniregla sé fín þegar fyrirtæki eru ekki of stór til að falla. En þegar við erum með fyrirtæki sem eru þannig að það þykir eðlilegt að bjarga þeim á kostnað skattgreiðenda þá verður að gera meiri kröfur til eiginfjár,“ segir Frosti. Þannig sé hugsanlega eðlilegt að fyrirtækin dragi úr arðgreiðslum og safni meira eigin fé til að koma í veg fyrir að hið opinbera beri skaða af starfsemi tryggingafélaganna.

> **Grundvallarspurningin hlýtur að vera sú hvort ríkissjóður myndi ekki skipta sér af því ef eitt þessara tryggingafélaga myndi falla.**



Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

„Í öðru lagi getur þetta verið eitthvað sem löggjafinn þarf að velta fyrir sér hvort hann eigi að leyfa. Grundvallarspurningin hlýtur að vera sú hvort ríkissjóður myndi ekki skipta sér af því ef eitt þessara tryggingafélaga myndi falla,“ segir Frosti. Mál tryggingafélaganna verður stuttlega rætt á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í dag.

Þess er skemmst að minnast að eftir bankahrunið 2008 átti Sjóvá við mikinn rekstrarvanda að etja. Svo fór að ríkið lagði fyrirtækinu til eigið fé og tók yfir hlut í fyrirtækinu. Hluturinn var síðar seldur en ríkið sat uppi með 4,1 milljarð í tap vegna eiginfjárframlagsins. – jhh / sjá síðu 8




Stórbruni varð á Grettisgötu 87 í Reykjavík um klukkan átta í gærkvöldi. Mikið tjón varð á húsinu, sem meðal annars hýsir bílaverkstæði. Götum var lokað í kring. Strætóferðir röskuðust og nokkrir vagnar festust á Hlemmi. „Það er ekki vitað hversu margir vagnar eru fastir. Síðan er vagn þarna niður frá sem er notaður í rýmingu að beiðni slökkviliðsins,“ segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ekki að reyna að starta „beefi“

**LÍFIÐ** „Við erum ekkert að reyna að starta neinu „beefi“ þó að hér sé verið að skjóta á hina ýmsu rappara, svo það sé sagt,“ segir Anna Tara Andrésdóttir, ein af meðlimum Reykjavíkurdætra, um lagið Fanbois sem kemur út á morgun.

Lagið varð til eftir eftirminnilega heimsókn Reykjavíkurdætra í þáttinn Vikan með Gísla Marteini en þar flutti hópurinn lagið Ógeðsleg. Ágústa Eva Erlendsdóttir sem var einnig gestur þáttarins yfirgaf settið á meðan á flutningnum stóð.

Í texta nýja lagsins er vitnað í nokkra vinsælustu rappara landsins svo sem Hr. Hnetusmjör, Blaz Roca, Gísla Pálma og Emmsjé Gauta og segir



Anna Tara meðal annars velt upp spurningum um tvöfalt siðgæði kynjanna. – ga / sjá síðu 30

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Orri Vésteinsson skrifar um úrræðaleysi gagnvart minjaeyðingu. 12-14

**SPORT** Gylfi Þór á fullt erindi í bestu lið Englands. 16

**MENNING** Barokktónlist eftir konur verður flutt með tilþrifum í Tónskóla Sigursveins í Breiðholti í kvöld. 22-25

**LÍFIÐ** Ungfrú Ísland, Arna Ýr Jónsdóttir, tekur þátt í Miss EM. 28-30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- BÍLAR




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015>


SAMSUNG
Galaxy S7 edge | S7




Forsala er hafin á **Galaxy S7. Gear VR** sýndarveruleikagleraugu fylgja með til 10. mars. Almenn sala byrjar 11. mars.

**Samsung Galaxy S7** 32GB
**119.990 kr.** stgr.
**S7 edge** 32GB **139.990kr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## Veður




Suðlæg átt í dag, yfirleitt 5-10 m/s. Skúrir eða él í flestum landshlutum, en dregur úr vindi þegar líður á daginn og styttir víðast hvar upp. Hiti yfir frostmarki á láglendi, en kólnar í kvöld og frystir víða. SJÁ SÍÐU 20



**Björk Guðmundsdóttir tónlistarkona og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, ræða saman í gær.** MYND/STÖÐ 2

# Vilja gera hálendið að þjóðgarði

**NÁTTÚRA** Náttúruverndarhreyfingin, Samtök ferðaþjónustunnar og nokkur útivistarsamtök undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu. Slíkur garður yrði um 40.000 ferkílómetrar, alls um fjörutíu prósent af landsvæði Íslands.

„Þau samtök sem undirrita yfirlýsinguna eru sammála um að hálendisþjóðgarður gæti orðið eitt stærsta framlag okkar tíma til náttúruverndar á Íslandi og þjóðgarðurinn yrði griðastaður fyrir þá sem vilja njóta náttúru miðhálendisins,“ segir í yfirlýsingunni.

Samtökin sem að ræðir benda á að samkvæmt skoðanakönnun Gallup frá því í apríl síðastliðnum séu yfir sextíu prósent landsmanna fylgjandi stofnun slíks þjóðgarðs en þrettán prósent andvíg.

„Þjóðin vill þennan þjóðgarð og þess vegna er ekkert annað að gera fyrir stjórnvöld en að fara að vinna að þessu,“ sagði Snorri Baldursson, formaður Landverndar, við fréttastofu í gær.

Þá sagði tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir að þetta væri stærsta ósnerta landsvæði í Evrópu og að stofnun þjóðgarðs skipti miklu máli. „Ég held að ef yfirvöld hafi áhuga á lýðræði verði þau að hlusta á þjóðina sína,“ sagði Björk. **– þea**

## Mikið um skemmdir




**Mikið hefur borið á götuskemmdum undanfarið, líkt og þessari sem finna má við Hátún í Reykjavík. „Það verður að taka á þessu máli og það stendur til að gera,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdasviði Borgarinnar verður á næstunni ráðist í viðgerðir á Hverfisgötu, Grensásvegi, Bústaðavegi, Háaleitisbraut og við Hlemm.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Jenna Jensdóttir látin

Jenna Jensdóttir, rithöfundur og kennari, lést á Hrafnistu í Reykjavík á sunnudaginn, 97 ára að aldri. Eftir hana liggur fjöldi barna- og unglingabóka. Að auki lét hún sig menntamál barna varða.

Jenna er þekktust fyrir Öddubækurnar sem seldust í yfir 60 þúsund eintökum.

Jenna fæddist 24. ágúst 1918 á Læk í Dýrafirði. Eiginmaður hennar var Hreiðar Stefánsson og eignuðust þau tvo syni. **– sg**



# Frumvarp þingmanna sagt mismuna og flækja

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gefur falleinkunn frumvarpi sem þingmenn Bjartrar framtíðar segja leysa „yfirgripsmikinn og umdeildan vanda“ vegna ferðamannastaða. Sagt gefa tilefni til aukins flækjustigs og mismuna stöðum.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Maður sér ekki fyrir þér að þetta frumvarp leysi vandann,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, um nýtt frumvarp alþingismanna Bjartrar framtíðar vegna ferðamannastaða.

Alþingi sendi frumvarp þingmannanna til umsagnar hjá sveitarfélögum. Samkvæmt því verður sveitarfélögum heimilt að gera skylt að fá leyfi og innheimta leyfisgjald fyrir fénýtingu náttúrufyrirbrigða og ferðamannastaða. Breytingin uppfyllir markmið frumvarps til laga um náttúrupassa sem lagt var fyrir Alþingi 2014–2015, en náði ekki afgreiðslu, og markmið frumvarps til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

„Þá leysir lagabreytingin þann vanda að ekki hefur reynst gerlegt að nýta það fjármagn sem hefur verið eyrnamerkt uppbyggingu náttúrufyrirbrigða og ferðamannastaða, m.a. vegna skorts á áætlunum, teikningum og verktökum. Frumvarpinu er ætlað að fela sveitarfélögunum sjálfum að meta vandann, gera samninga við þá sem skipuleggja hópferðir á staðina og standa að uppbyggingu,“ segir í greinargerð með frumvarpinu. „Frumvarpið felur ekki í sér heimild til gjaldtöku á ferðamannastöðum heldur beinist fyrst og fremst að skipulögðum hópferðum á tiltekna staði þar sem þriðji aðili hagnast á nýtingu staðar sem hann á ekki beina aðild að.“



**Vaxandi ágangur ferðamanna veldur oft vanda, ekki síst þar sem þeir hunsa aðvaranir og setja sig í hættu eins og við Gullfoss.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Menn sjá ekki fyrir sér gjaldtöku í þessu nema á landsvísu en ekki mismunandi gjöld innan hvers sveitarfélags.**
>
> Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Í bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar segir að ekki verði séð að frumvarpið leysi vanda. „Nauðsynlegt er að líta til jafnræðis í vinnubrögðum gagnvart gjaldtökuheimildum á landsvísu en umrætt frumvarp gefur tilefni til aukins flækjustigs og mismununar milli staða,“ segir í bókuninni.

Valtýr Valtýsson segir ekki æskilegt að hvert og eitt sveitarfélag setji sínar reglur um leyfi og leyfisgjöld. „Sveitarfélög eru misjafnlega í sveit sett og í stakk búin til þess að sinna þessu. Menn sjá ekki fyrir sér gjaldtöku í þessu nema á landsvísu en ekki mismunandi gjöld innan hvers sveitarfélags,“ segir Valtýr.

Vandinn er hins vegar raunverulegur að sögn Valtýs. Eftir því sem fleiri sjónarmið og hugmyndir komi fram verði sjónarhóllinn betri. „Það er númer eitt, tvö og þrjú að ná þessu samtali og ná sameiginlegri sýn - eins mikið og það er hægt,“ segir sveitarstjórinn í Bláskógabyggð.

gar@frettabladid.is



Way of Life!

SUZUKI

# FRÁBÆR FERMINGARGJÖF!

## ENGIN SKRÁNING, EKKERT PRÓF, BARA GAMAN!




Verð kr.
**219.000.00**

TAMCO SPORT F1 50cc bensínvespa með 25km/h hámarkshraða, til aksturs á hjólastígum og gangstéttum.

Verð kr.
**154.900.00**

ELGO rafmagnsvespa með 25km/h hámarkshraða, til aksturs á hjólastígum og gangstéttum.

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Ráðuneytið telur mjólkurgeirann í samræmi við EES-samning

**LANDBÚNAÐUR** Atvinnuvegaráðuneytið telur að íslenskur mjólkuriðnaður falli innan samkeppnislaga EES-samningsins. Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sem sent var í byrjun mánaðarins. ESA vildi fá skýringar á ákvæðum búvörulaganna sem veita mjólkuriðnaði undanþágur frá samkeppnislögum.

Gjermund Mathiesen, yfirmaður samkeppnismála hjá ESA, sagði við Fréttablaðið í febrúar að verði niðurstaða athugana ESA sú að undanþága búvörulaga standist ekki samkeppnisreglur EES-samningsins geti Samkeppniseftirlitið og ESA beitt sér á mjólkurmarkaði, t.d. með sektum, gerist félög á þeim markaði brotleg við samkeppnislög. Þá sé einnig hugsanlegt að farið verði fram á að íslenskum búvörulögum verði breytt.

Vörurnar sem um ræðir eru að sögn Mathiesens í meginatriðum rjómi, jógúrt og gerjaðar mjólkurafurðir. Ráðuneytið telur vörurnar sem um ræðir vera framleiddar við eðlilegar markaðsaðstæður og í samræmi við samkeppnisreglur EES-samningsins.

Áhöld eru um hvort skyr flokkist sem gerjuð mjólkurafurð. ESA spurði ráðuneytið sérstaklega út í flokkun þess á skyri. Ráðuneytið segist flokka ferskan ost í samræmdri vörulýsingar- og vörunúmeraskrá. Miðað við þá skilgreiningu fellur varan ekki undir samkeppnisákvæði EES-samningsins sem gerjuð mjólkurafurð.



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, telur flokkun ráðuneytisins koma spánskt fyrir sjónir þar sem skyr sé ekki talið upp með öðrum ostum í ákvörðun verðlagsnefndar búvara.

Þá skorar Ólafur á Alþingi að bíða með að samþykkja nýjan búvörusamning þar til athugun ESA lýkur til að komast hjá hugsanlegri skaðabótaskyldu ríkisins vegna málsins. **– ih**

## Heillaður af íslenska kraftaverkinu

**FÓTBOLTI** Ramon Calderón, fyrrverandi forseti spænska knattspyrnurisans Real Madrid, kynnti í gær stóra ráðstefnu sem haldin verður hér á landi í maí þar sem fjallað verður um fótbolta og fjármál. Inntak ráðstefnunnar er „íslenska kraftaverkið“ eins og Calderón kallaði það á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Íslandsbanka í gær.

Kraftaverkið, að hans sögn, er tvíþætt. Annars vegar hvernig Ísland komst jafn snemma út úr fjármálakreppunni og raun ber vitni og hins vegar að íslenska karlalandsliðið í fótbolta hafi komist í lokakeppni Evrópumótsins.

Calderón nýtti sambönd sín til að fá stórlaxa í boltanum hingað til lands. David Moyes, fyrrverandi knattspyrnustjóri Manchester United, og Ruud Gullit, Evrópumeistari með hollenska landsliðinu, verða á meðal fyrirlesara, auk Kevins Keegan og Martins O'Neill, þjálfara írska landsliðsins.

„Ég er heillaður af þessu kraftaverki sem hefur átt sér stað hér. Ég átti því hugmyndina að því að halda ráðstefnu um þetta og gera það auðvitað á Íslandi,“ sagði Ramon Calderón. **– tom**



Ramon Calderón, fyrrverandi forseti Real Madrid

## SÍ bólgnaði um 13,2 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Heildareignir Seðlabanka Íslands námu 941,6 milljörðum króna í lok febrúar og hækkuðu um 13,2 milljarða króna í mánuðinum.

Af heildareignum námu innlendar eignir 220,6 milljörðum og hækkuðu um 20,6 milljónir króna í mánuðinum. Erlendar eignir námu 721 milljarði og hækkuðu um 13,2 milljarða í febrúar. Skuldir bankans námu 878,3 milljörðum í lok febrúar. **– sg**

# Hefur áhyggjur af misneytingu á vinnumarkaði eftir hrun

**Lög um vinnumiðlun kveða á um að óheimilt sé að krefjast greiðslu fyrir aðgang að vinnumarkaði segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins. Hann hefur áhyggjur af þróun mála á Íslandi eftir hrun. Misneyting á fólki sem sé í viðkvæmri stöðu hafi aukist. Þó séu hér lög um vinnumiðlun skýr.**

**VINNUMARKAÐUR** „Það er algerlega fáránlegt ef það er svo að það er verið að selja hér aðgang að vinnumarkaðnum. Fólk sem kemur hingað að vinna í óvissu og þekkir ekki til er í sérstaklega viðkvæmri stöðu,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um fimm einstaklinga sem hafa kært ákvörðun lögreglustjórans á Vestfjörðum um að fella niður rannsókn á meintri fjárkúgun vegna starfa þeirra í fiskvinnslu Jakobs Valgeirs í Bolungarvík. Þessir fimm einstaklingar halda því fram að þeir hafi þurft að greiða fé til starfsmanns í fiskvinnslunni til þess að fá vinnu þar og fara fram á að ákvörðun lögreglustjóra verði felld niður. Málið var í rannsókn lögreglu í rúm tvö ár áður en henni var hætt. Meðal gagna í málinu var bréf þar sem eru birt nöfn Pólverja sem sagðir eru hafa greitt vaktstjóra í fiskvinnslu Jakobs Valgeirs eitt þúsund evrur.

Ríkissaksóknari hefur þrjá mánuði til að ákvarða í málinu og mun fara fram á rökstuðning frá lögreglustjóra Vestfjarða.

Gylfi segir lög um vinnumiðlun hér á landi skýr. „Ég tel það óheimilt að starfsfólk greiði fyrir aðgang að vinnumarkaði. Það er ekkert að því að fyrirtæki nýti sér starfsemi starfsmannaleiga og ráðningarfyrirtækja en þar þarf fólk ekki að greiða nokkuð. Svona greiðslur eru þekktur fylgikvilli mansals og illrar meðferðar á starfsfólki. Við förum í átak á árunum 2004-2007 með auknum fjölda erlendra starfsmanna á vinnumarkaði. Síðan varð hér hrun og minni þátttaka á vinnumarkaði. Nú þegar við erum að komast úr hruninu magnast upp sem aldrei fyrr misneyting á starfsfólki á Íslandi,“ segir Gylfi og segir fulla þörf á því samstarfsátaki sem ASÍ hefur efnt til í samstarfi við aðildarsamtök sín gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



**Fáránlegt að seldur sé aðgangur að vinnumarkaði, segir forseti ASÍ. Fyllsta þörf sé á átaki gegn undirboðum, svartri starfsemi og misneytingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég tel það óheimilt að starfsfólk greiði fyrir aðgang að vinnumarkaði. Það er ekkert að því að fyrirtæki nýti sér starfsemi starfsmannaleiga og ráðningarfyrirtækja en þar þarf fólk ekki að greiða nokkuð.**



Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ)




# Polo. Gerir gæðamuninn.









VW Polo Trend & Style:

**2.690.000 kr.**

Sjálfskiptur: **2.990.000 kr.**

## Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

### Staðalbúnaður í Trend & Style

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

15% afsláttur af öllu Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi
Allar bragðtegundir og allar stærðir
Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 31. mars 2016
FARMASiA
Suðurveri - 105 Reykjavík
S. 511 0200

BAKKAVOR

VEGNA TILBOÐS
til hluthafa í
BAKKAVOR GROUP LIMITED

Í samræmi við II. tl. 1. mgr. (c) 978. gr. breskra hlutafélagalaga frá árinu 2006 hefur verið tilkynnt að Bakk AL Holdings Limited og Bakkavor Group Limited eru að gera tilboð í alla almenna hluti í Bakkavor Group Limited.

Allir skilmálar tilboðsins (þ.m.t. upplýsingar um hvernig samþykkja megi tilboðið) koma fram í dreifibréfi til hluthafa sem var dagsett og póstlagt hinn 22. febrúar og meðfylgjandi því er einhliða afsal, undirritað af kaupandanum og félaginu, ásamt skjali um samþykki afsalsins.

Sérhver hluthafi sem samþykkir tilboðið á gildan hátt mun fá £2,6909 fyrir hvern hlut. Tilboðið er gert öllum hluthöfum, þ.m.t. þeim sem mögulega hafa ekki fengið dreifibréfið.

Sækja má afrit af dreifibréfinu, einhliða afsalinu og samþykkisskjalinu til Bakkavor Foods Limited á Fiskislóð 31, 101 Reykjavík eða hringja í síma 550 9700 og óska eftir að fá afrit sent. Einnig má skila undirrituðum eintökum í móttöku Kviku banka hf. ásamt upplýsingum fyrir millifærslu. Nánari upplýsingar og öll gögn um tilboðið má finna á heimasíðu félagsins: www.bakkavor.co.uk.

**Þeim hluthöfum sem ekki hefur borist tilboð í hluti þeirra i pósti geta haft samband við Bakkvor Foods Limited á Fiskislóð 31, 101 Reykjavík eða í síma 550 9700. Þeir hluthafar sem samþykkja tilboðið þurfa að tryggja að skjal með samþykki þeirra berist umsjónaraðila í London fyrir kl. 17.30 hinn 15. mars næstkomandi eða koma skjalinu um samþykki afsalsins á skrifstofur félagsins á Fiskislóð 31 fyrir 17.00 á föstudaginn 11. mars.**

Þessi tilkynning er ekki útgáfulýsing heldur auglýsing og hluthafar ættu ekki að samþykkja tilboðið nema á grundvelli upplýsinga í dreifibréfinu, einhliða afsalinu og samþykkisskjalinu.

8. mars 2016

Endalaust 365
ENDALAUS GSM
1817 | 365.is
365

## Græna konan



Svona eru nýju gönguljósin í Valencia á Spáni. Þar ákváðu borgaryfirvöld að breyta ljósum til að styðja við átak um aukið jafnrétti kynjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segir enn vera þörf á sérstöku kvennaorlofi

**Elstu kynslóðir kvenna nutu ekki réttinda á borð við fæðingarorlof og dagvistunarúrræði. Lög um orlof húsmæðra voru til að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa. Frumvarp um afnám laganna bíður afgreiðslu.**

**SAMFÉLAG** „Orðið húsmóðir er tímaskekkja, en konur af þessari kynslóð þurfa enn á þessum ferðum að halda,“ segir Svanhvít Jónsdóttir, formaður orlofsnefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu, um orlof húsmæðra. Fyrir Alþingi liggur frumvarp þess efnis að lög um orlof húsmæðra falli úr gildi, lög sem að stofni til eru frá 1960. Í rökstuðningi er talað um breyttar aðstæður kvenna frá því sem var þegar lögin voru sett.

„Það er rétt að tímarnir hafa breyst en við höfum samt bent á að það er mikið af konum sem eru einar, eða jafnvel með menn sem þær senda í hvíldarinnlögn til þess að komast frá. Þetta þyrfti að vera kallað kvennaorlof, en ekki húsmæðraorlof.“

Frumvarpið bíður afgreiðslu, orlofsnefnd setti fram gagnrýni á það í ljósi þess að elstu kynslóðir kvenna hafi ekki notið réttinda sem þykja sjálfsögð í dag, svo sem fæðingarorlofs, dagvistunarúrræða og þá eigi margar ekki rétt á lífeyrissjóðsgreiðslum í dag.

„Þessar konur eru að detta út,“ segir Svanhvít sem segir þrátt fyrir það enn þörf á kvennaferðum. „Margar eldri konur hafa einangrað sig félagslega, orlofsferðirnar eru hugsaðar til að rjúfa þessa einangrun. Þær fá í ferðunum félagsskap, öryggi og aðstoð. Þó að niðurgreiðslur í þessar ferðir hætti, þá held ég að það verði enn þörf á þessum ferðum. Niðurgreiðslan er líka ógurlega lítil, þetta eru hundrað krónur á íbúa.“

> **Margar eldri konur hafa einangrað sig félagslega, orlofsferðirnar eru hugsaðar til að rjúfa þessa einangrun. Þær fá í ferðunum félagsskap, öryggi og aðstoð.**
>
> Svanhvít Jónsdóttir, formaður orlofsnefndar húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu

Svanhvít segir margar kvennanna miður sín yfir gagnrýni á ferðirnar. „Þetta eru svo óskaplega litlir peningar sem um ræðir, það er mikill pirringur út í þetta. Okkur finnst það mjög leiðinlegt en þetta eru landslög, við erum kosnar til að gera þetta og við þurfum að gera þetta hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er alltaf verra að vinna undir óánægju sem er auðvitað bara sorglegt. Í ár stendur til að fara til Toscana og í aðventuferð til Þýskalands.“

Athygli vekur að ferðirnar eru ekki sérlega ódýrar eða allt að hundrað og fimmtíu þúsund krónur á hverja og eina. „Það er vegna þess að niðurgreiðslan er ekki svo mikil. Til að byrja með þá voru þetta helst innanlandsferðir en það hefur breyst með þjóðfélaginu. Nú er bæði farið í innanlandsferðir og farið út. Okkur finnst alltaf gaman að fara á Vestfirði og Austfirði.“ Aðalatriðið er að þetta eru konur sem hafa margar verið heimavinnandi alla tíð eins og var þegar lögin voru sett. „Það er einangrunin og öryggið sem skiptir mestu máli. Ekki peningarnir.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

# Vodafone RED

## Öll fjölskyldan, eitt verð



**8.980 kr.**

Innifalið í Vodafone RED er m.a.

| ∞ | 50 GB | 🌐 | SIM |
|---|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Samnýtt gagnamagn | 500 mínútur til útlanda | Gagnamagnskort fyrir öll snjalltækin þín |

---

# Vodafone SMART

## Ótakmörkuð símtöl og SMS



**1.990 kr.**

| ∞ | 1 GB |
|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Fáðu SMART gagnamagn fyrir aðeins 1.000 kr. |

**4G reiki í 24 löndum**

Kynntu þér alla kosti Vodafone RED og SMART
á vodafone.is, í síma 1414 eða í næstu verslun.

**Vodafone**
Við tengjum þig

# SA er á móti samþykkt búvörusamninganna

**LANDBÚNAÐUR** Samtök atvinnulífsins (SA) leggjast eindregið gegn samþykki nýgerðra búvörusamninga í óbreyttri mynd. Þetta kemur fram í umsögn SA um samningana sem birt var í gær.

„Samtök atvinnulífsins fagna því að í nýundirrituðum búvörusamningum er að finna ákvæði sem horfa í átt til aukinnar fjölbreytni í stuðningi hins opinbera við bændur […] Þau skref sem ríkið stígur með samningum til að stuðla að framþróun og aukinni samkeppni í landbúnaði eru hins vegar bæði óljós og engan veginn nægileg í ljósi þess að samningarnir gilda til næstu tíu ára,“ segir í umsögninni.

Ein af aðfinnslum SA snýr að því að samkvæmt samningunum yrði Mjólkursamsalan áfram undanþegin samkeppnislögum og vilja SA sömuleiðis að opinber verðlagning á mjólkurvörum verði aflögð á samningstímanum. Þar að auki mótmæla SA því að magntollar á mjólkurduft, undanrennuduft og osta verði hækkaðir.


SA vill meðal annars að opinber verðlagning á mjólkurvörum verði aflögð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Önnur aðfinnsla snýr að tollum á svína- og alifuglakjöt sem SA vilja lækka. „Sú vernd styður ekkert við stefnu stjórnvalda um styrkingu byggðar í dreifbýli. Verndarstefna gagnvart hvítu kjöti heldur hins vegar uppi hærra matvælaverði en þyrfti að vera og er á kostnað neytenda sem búa við lakari lífskjör en ella,“ segir í umsögninni. **– þea**

# Vill skýringar vegna fyrirhugaðra greiðslna

**Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vill skýringar vegna arðgreiðslna tryggingafélaganna. Formaður FÍB segir fólki almennt misboðið. FME bendir á að félögin séu hlutafélög og bótasjóðir ekki í eigu þeirra sem í þá greiða.**

**VIÐSKIPTI** Efnahags- og viðskiptanefnd ætlar að ræða arðgreiðslur tryggingafélaganna stuttlega á fundi sínum í dag. Frosti Sigurjónsson, formaður nefndarinnar, ætlar síðan að leggja til við nefndarmenn að málið verði tekið fyrir á sér fundi og óska eftir minnisblöðum frá Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og tryggingafélögunum sjálfum.

Greint hefur verið frá því að stjórnir tryggingafélaganna þriggja, VÍS, TM og Sjóvár, vilja greiða hluthöfum samtals 9,6 milljarða í arð vegna síðasta reikningsárs. Þá eru tillögur um endurkaup hlutabréfa upp á 3,5 milljarða.

Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda, sendi Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, bréf um helgina þar sem skorað er á hann að grípa til aðgerða til að stöðva „yfirvofandi gripdeildir tryggingafélaga úr sjóðum sem eru í eigu viðskiptavina þeirra“ eins og það er orðað í erindinu. FÍB segir að fjármunina eigi að taka úr bótasjóðum sem tryggingafélögin hafi safnað „með uppsprengdum iðgjöldum af ofáætluðum tjónum“.

Runólfur sagðist í gær ekki hafa fengið viðbrögð frá ráðherra við erindi sínu. Hann segist aftur á móti hafa fengið mikil viðbrögð við bréfinu. „Við höfum fengið bæði marga pósta og annað til félagsins. Og margar innhringingar. Þannig að fólki er almennt misboðið.“ Þótt fjármála- og efnahagsráðherra hafi ekki svarað brást Fjármálaeftirlitið við athugasemdum FÍB í gær.

Fjármálaeftirlitið segist hafa ríkar heimildir til þess að hlutast til um rekstur vátryggingafélaganna, en þó einungis til þess að hlutast til um að rekstur þeirra


Félag bifreiðaeigenda hefur brugðist ókvæða við fregnum af ákvörðun tryggingafélaga landsins um að greiða út tæplega tíu milljarða króna í arð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Við höfum fengið bæði marga pósta og annað til félagsins. Og margar innhringingar. Þannig að fólki er almennt misboðið.
>
> Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB)



samræmist þeim lögum, reglum og öðrum viðmiðum sem um starfsemina gilda. Þannig sé það rangt sem fram kemur í umfjöllun FÍB að Fjármálaeftirlitið geti „skipað þeim að endurgreiða vátryggingatökum eign þeirra í bótasjóðunum eða nota fjármunina til að lækka iðgjöld næstu árin“.

Þá segir FME að íslensk vátryggingafélög séu rekin sem hlutafélög og eigi vátryggingatakar því ekki bótasjóð líkt og FÍB haldi fram. Þessa staðhæfingu dregur Runólfur í efa og segir þetta nýja skýringu hjá FME. „Ég veit ekki hvernig þeir réttlæta þá að bótasjóðirnir séu eign eigenda tryggingafélaganna. Allir forstjórar tryggingafélaganna sögðu hér fyrir 20 árum að bótasjóðirnir væru eign bótaþola og vátryggingataka,“ segir Runólfur.

**jonhakon@frettabladid.is**




Heimilis
RIFINN OSTUR
Er nú á tilboði
Ómissandi á pizzuna,
í ofn- og pastaréttina,
á tortillurnar og salatið.
370 g
100% ÍSLENSKUR OSTUR
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA



Kosning til stjórnar VR 2016-2018

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs í sjö stjórnarsæti og þrjú til vara hefst kl. 9 að morgni 9. mars og lýkur kl. 12 á hádegi þann 15. mars. Kosningin er skv. 20. gr. laga VR.

Allar nánari upplýsingar fást á **vr.is** eða á skrifstofu félagsins í síma **510 1700**.

**Kjörstjórn VR**




VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

JÓNSSON & LE'MACKS · JL.IS · SÍA



Margir innan Samtakanna '78 eru á móti aðild BDSM-samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á þriðja tug hefur skráð sig úr Samtökunum '78

**SAMFÉLAG** Tuttugu og fjórir hafa skráð sig úr Samtökunum '78 en sex hafa skráð sig í samtökin í kjölfar þess að aðildarumsókn BDSM-samtakanna var samþykkt um helgina. Alls eru 1.146 manns skráðir í samtökin.

Málið hefur vakið miklar umræður á samfélagsmiðlum og hafa margir lýst því yfir að með aðild BDSM-samtakanna sé verið að rugla saman kynhneigð og kynórum, einnig hefur verið bent á að í langan tíma hafi hinsegin fólk barist gegn því að fókusinn sé settur á kynlífið. Málið er að sögn Hilmars Hildar Magnússonar formanns ákaflega erfitt viðureignar, svo mjög að tala megi um klofning.

Í kosningunum á laugardaginn féllu atkvæði þannig að 47 greiddu atkvæði með og 40 á móti.

Stjórn Samtakanna '78 segir þó að fréttir um klofning í samtökunum séu stórlega ýktar. „Í dag hafa verið bæði skráningar í félagið og úr því en hvorugur hópurinn er fjölmennur miðað við heildarfjölda félaga sem telur um 1.100 manns,“ segir í yfirlýsingu sem stjórn félagsins sendi frá sér í gær.

Til stendur að halda félagsfund í samtökunum til að fara betur yfir málið en stjórnin óskar eftir að fá svigrúm til að bregðast frekar við málinu en gert er í yfirlýsingunni. **– sg**

> **24**
> höfðu í gær gengið úr Samtökunum '78 og sex skráð sig í samtökin.

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

## TOPP,- OG BITASETT 46 STK

Toppar 4 - 13mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI4601

**5.900** m/vsk
Fullt verð 9.842



## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" toppar 8 - 32mm
Skrall. framlengingar, liðir
Framlenging m/ LED ljósi

IBTGCAI2802

TILBOÐ



**8.900** m/vsk
Fullt verð 12.992

## TOPP,- OG BITASETT 55 STK

Toppar 1/2" 10 - 32 mm
Djúpir toppar 10 - 22mm
Torx, kertatoppar og fl
Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI5502

**13.900** m/vsk
Fullt verð 19.636



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

**14.900** m/vsk
Fullt verð 22.073



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 35.909





STÆRÐ 6"

**16.900** m/vsk



**3.900**



**7.900** m/vsk



## 7 SKÚFFUR

283 verkfæri **177.750** m/vsk

TILBOÐ



**9.900** m/vsk



**5.900** m/vsk



**8.900** m/vsk



## 383 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur - 1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, skralllyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, skiptilykill, slaghamar,
splittatangir, tangir, járnsög, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás



**269.900** m/vsk
Okkar besta verð

NOTAÐIR BÍLAR
ÚRVAL
BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




LAND ROVER DISCOVERY 4S
Nýskr. 05/12, ekinn 102 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 320491
VERÐ! 8.590 þús.




TOYOTA YARIS SOL
Nýskr. 06/13, ekinn 33 þús km.
bensín, sjálfskiptur
Rnr. 283488
VERÐ kr. 2.190 þús.




SUZUKI SWIFT
Nýskr. 06/12, ekinn 128 þús km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 283496
VERÐ kr. 1.480 þús.




RENAULT CLIO SPORT TOURER
Nýskr. 03/15, ekinn 41 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 283157
VERÐ kr. 2.590 þús.




NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 08/12, ekinn 67 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143173
VERÐ kr. 4.280 þús.




HYUNDAI ix35 PREMIUM H.O
Nýskr. 06/15, ekinn 35 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 152111
VERÐ kr. 5.980 þús.




HYUNDAI i10 COMFORT
Nýskr. 05/15, ekinn 28 þús km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 283348
VERÐ kr. 1.830 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Angela Merkel Þýskalandskanslari, lengst til hægri, og Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands, fyrir miðri mynd á leiðtogafundinum í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Reynt að fá Tyrkland til samstarfs um lausn

**Leiðtogar Evrópusambandsins hittu forsætisráðherra Tyrklands í gær. Norðurlandamærum Grikklands verður líklega lokað og stólað á að Tyrkir haldi flóttafólki innan landmæra sinna. Staðan sögð endurspegla mikilvægi Tyrklands.**

**FLÓTTAFÓLK** „Þessi leiðtogafundur sýnir hve ómissandi Tyrkland er fyrir Evrópusambandið og Evrópusambandið fyrir Tyrkland,“ sagði Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands, við blaðamenn í Brussel í gærmorgun áður en fundur hans með leiðtogum Evrópusambandsríkjanna hófst.

Evrópusambandið vill fá Tyrki til þess að halda aftur af flóttafólki, sem undanfarin misseri hefur streymt í stríðum straumum yfir hafið til Grikklands í von um að komast þaðan áfram norður eftir og fá hæli í öðrum aðildarríkjum.

Davutoglu sagði bæði Evrópusambandið og Tyrkland standa frammi fyrir erfiðu verkefni, en það væri allt hægt að leysa með samvinnu.

„Tyrkland er reiðubúið til þess að starfa með Evrópusambandinu,“ sagði hann, og bætti við: „Tyrkland er líka reiðubúið til þess að verða aðildarríki í Evrópusambandinu.“

Á fundinum fóru Tyrkir fram á þrjá milljarða evra frá Evrópusambandinu, til viðbótar þeim þremur milljörðum sem Tyrkjum var heitið á síðasta ári. Féð á að nota til að byggja upp betri aðstæður fyrir flóttafólk í Tyrklandi.

Þar að auki fór Davutoglu fram á einhver árangur náist í aðildarviðræðum Tyrklands við Evrópusambandið á fundinum. Forseti Evrópuþingsins, Martin Schulz, var ekki á sama máli. „Við verðum að aðskilja aðildarviðræðurnar frá flóttamannavandanum,“ sagði Schulz á blaðamannafundi.

Á hverjum degi koma þúsundir manna frá Tyrklandi yfir til Grikklands. Tugir þúsunda sitja nú fastir við norðurlandamærin í Grikklandi, eftir að ríkin norðan Grikklands lokuðu landamærunum. Fólkinu er nú aðeins hleypt yfir í litlum hópum, frekar en að allir komist hindrunarlaust í gegn eins og raunin hefur verið til þessa.

Í næstu viku verður svo fundur í framkvæmdastjórn ESB, þar sem nýjar reglur um flóttafólk verða ræddar. Meðal hugmynda er að allt flóttafólk skrái sig og bíði afgreiðslu umsóknar í því landi, sem það kemur fyrst til.

Samstarf Evrópusambandsins við Tyrkland um að halda aftur af flóttafólki hefur verið gagnrýnt, meðal annars af mannréttindasamtökum og þá ekki síst á þeim forsendum að Tyrkland hafi ekki sýnt af sér neina fyrirmyndarhegðun í mannréttindamálum.

Innrás tyrknesku lögreglunnar í höfuðstöðvar dagblaðsins Zaman, sem er útbreiddasta blað landsins, um helgina hefur ekki aukið tiltrú til tyrkneskra stjórnvalda. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Tyrkland og Evrópusambandið

Tyrkland sótti um aðild að Evrópusambandinu strax árið 1987. Tíu árum síðar samþykkti Evrópusambandið að Tyrkland væri tækt til aðildarviðræðna, en þær hófust svo árið 2005 og sér enn ekki fyrir endann á þeim.

Til þess að fá aðild að Evrópusambandinu þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, Kaupmannahafnarskilyrðin svonefndu, sem felast meðal annars í því að umsóknarríki búi yfir lýðræði, réttarríki, mannréttindum og vernd minnihlutahópa.

# Aukin harka í kappræðum demókrata

**BANDARÍKIN** Hiti var í kappræðum forsetaefna demókrata í Bandaríkjunum, Bernie Sanders og Hillary Clinton, aðfaranótt mánudags sem fóru fram í borginni Flint í Michigan-ríki.

Ræddu þau meðal annars um bifreiðaiðnaðinn, sem einkennir ríkið, og sakaði Clinton Sanders um að hafa reynt að drepa iðnaðinn þegar hann kaus á móti fjárhagsaðstoð fyrir stóra framleiðendur í kjölfar efnahagshrunsins. Skaut Sanders þá til baka á Clinton og sagði „vini hennar á Wall Street“ hafa eyðilagt hagkerfi Bandaríkjanna.

Þrátt fyrir að aukin harka hafi verið í kappræðum þeirra frá því sem áður hefur verið komust þær ekki með tærnar þar sem kappræður repúblikana í síðustu viku höfðu hælana, en þar fann Donald Trump sig knúinn til að svara ásökunum Marco Rubio um að hann væri með lítinn getnaðarlim. „Ég ábyrgist það að það er ekkert vandamál, ábyrgist það,“ hrópaði Trump.




Sanders og Clinton eiga í harðri baráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Clinton hefur nú forskot á Sanders í baráttunni. Hefur hún aflað sér stuðnings 672 landsfundarfulltrúa en Sanders 477. Alls þarf 2.383 til að vinna. Þá hefur Trump 384 fulltrúa hjá repúblikönum en næsti keppinautur hans, Ted Cruz, 300. Alls þarf 1.237 fulltrúa til að tryggja sér útnefninguna.

Báðir flokkar kjósa í Michigan og Mississippi í dag en þar að auki kjósa repúblikanar á Havaí og í Idaho. Kannanir benda til þess að Clinton og Trump vinni öll fylkin fyrir utan Havaí þar sem engar kannanir hafa verið gerðar.
**– þea**

## NORÐURLÖNDIN




### Vilja greiða fyrir ferðina heim

1 **DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin leggur til að sendiráð Danmerkur og ræðismannsskrifstofur hafi möguleika á að borga heimferð fyrir einstaklinga sem hafa verið neyddir í hjónaband erlendis eða sendir frá Danmörku í öðru skyni gegn vilja sínum. Nú er sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum ekki heimilt að greiða heimferðir fyrir einstaklinga sem eru eldri en 18 ára.

### Vill olíufrí svæði við Lofoten

2 **NOREGUR** Fulltrúi norska Verkamannaflokksins í norðurhluta Noregs vill olíufrí svæði við Lofoten. Fulltrúinn, Tomas Norvoll, segir Lofoten afar sérstakt svæði. Þar sé margs konar atvinnulíf sem sé mikilvægt fyrir allan Noreg. Norvoll vísar því á bug að með ummælum sínum sé hann að refsa olíufyrirtækjunum fyrir að skapa fá atvinnutækifæri í norðurhluta landsins.



### Afganskir túlkar fá dvalarleyfi

3 **SVÍÞJÓÐ** Þrír afganskir túlkar sem hafa starfað fyrir sænska hermenn í Afganistan hafa fengið dvalarleyfi í Svíþjóð. Dómstóll hefur þar með hnekkt úrskurði sænsku innflytjendastofnunarinnar sem synjaði þeim um dvalarleyfi. Margir túlkar í Afganistan hafa óttast um líf sitt eftir að erlendar hersveitir undir stjórn Atlantshafsbandalagsins (NATO) hafa verið kallaðar heim.

## Ræða leiðir til að auka öryggi ferðamanna

**FERÐAMÁL** Ræddar voru tillögur vinnuhóps á vegum Stjórnstöðvar ferðamála á fundi stjórnar Stjórnstöðvarinnar fyrir helgi. Tillögurnar snúa að leiðum til að bæta öryggi ferðamanna og almennings í landinu. Unnið hefur verið að tillögunum undanfarna mánuði.

Stjórnstöð ferðamála var sett á laggirnar í október á síðasta ári og er liður í nýrri ferðamálastefnu stjórnvalda. Stjórnstöðin mun starfa til ársloka 2020 og sér hún um að næstu fimm ár verði nýtt til að ráðast í nauðsynleg verkefni til að leggja traustan grunn í ferðaþjónustu á Íslandi.

Verkefnið í heild er afar umfangsmikið og verður framkvæmd þess skipt í nokkra hluta. Tillögur vinnuhópsins snúa meðal annars að löggæslu, upplýsingamálum og öryggi á ferðamannastöðum og vegum. Um er að ræða tillögur að aðgerðum á árinu 2016 sem nú fara til viðkomandi ráðuneyta til umfjöllunar. Að lokum verða tillögurnar lagðar fyrir ríkisstjórn til samþykktar.

Að vinnunni komu fulltrúar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarði, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, lögreglunni, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Félagi leiðsögumanna og Stjórnstöð ferðamála. **– þv**

## 40 þúsund grunuð um smygl á fólki

**LÖGREGLA** Umfang viðskipta glæpamanna sem smygla fólki til Evrópu er svo mikið að ársvelta starfseminnar í fyrra er talin hafa verið þrír til sex milljarðar evra. Upphæðin svarar til 424 til 849 milljarða íslenskra króna.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Evrópulögreglunnar Europol. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að veltan verði tvöfalt eða þrefalt meiri á næstu árum haldi straumur flóttamanna áfram, að því er segir í frétt Politiken.

Þar kemur fram að Evrópulögreglan hafi upplýsingar um 40 þúsund manns frá um 100 löndum sem tengjast smygli á fólki. **– ibs**

Send ljós
þitt og trúfesti
þína, þau skulu
leiða mig...
www.versdagsins.is



# Götugöt



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins er í afleitu ástandi. Fréttablaðið birtir í dag mynd af stærðarinnar holu við Hátún í Reykjavík sem sýnir vel hvað við er að etja. Ástandið er samkvæmt fagmönnum verra í ár en í fyrra og fer dagversnandi. Götur eru víða að grotna niður og miklar brotholur hafa fengið að myndast í malbikið víða.

Í fyrra lagði borgin aukið fé í viðgerðir, sem þó dugði skammt. Á síðasta ári var alls 690 milljónum króna varið til malbikunar. Á þessu ári er gert ráð fyrir að 500 milljónir fari í malbikun.

Töluvert hefur verið um tjón bifreiðaeigenda vegna þessa. Félagi íslenskra bifreiðaeigenda berast daglega tilkynningar og hjálparbeiðnir frá fólki vegna sprunginna og tættra hjólbarða í holum og brotinna fjaðragorma og alls konar annarra skemmda á farartækjum eftir illa farnar götur. Oft og tíðum sitja bifreiðaeigendur uppi með tjón sitt þar sem lög gera ráð fyrir að veghaldari þurfi að sýna af sér gáleysi til þess að hann teljist bótaskyldur. Hann þarf því að hafa vitað af skemmdinni og ekki gert neitt til að laga hana.

Fyrir ástandinu eru ýmsar ástæður. Bæði fara nagladekk afar illa með götur, tæta þær upp og magna skemmdir. Veðrið hefur einnig verið óhagstætt, þíða og frost skiptast á, klaka tekur upp að einhverju leyti en síðan frystir að nýju.

Fyrst og fremst er það hins vegar fjöldi bíla sem er á ferðinni á höfuðborgarsvæðinu sem hlýtur að valda því hvernig staðan er. Og sá fjöldi er ekki síst tilkominn vegna aukins straums ferðamanna hingað til lands. Isavia spáir því að um 1,7 milljónir ferðamanna sæki landið heim á þessu ári. Þessir ferðamenn fara um á bílaleigubílum eða rútum. Um helmingur allra nýrra bíla sem nú eru í umferð eru bílaleigubílar. Bæði bílaleigubílar og rútur fá niðurfellingu á gjöldum og sköttum frá ríkinu.

Þolinmæði bifreiðaeigenda er skiljanlega orðin takmörkuð. Hér eru alltof margir bílar í umferð miðað við hvað gatnakerfið þolir. Reykjavíkurborg hefur reynt að beina fólki í aðrar áttir, að hjólreiðum eða almenningssamgöngum. Það gerir borgin með réttu, en veðurfarslegar og skipulagslegar aðstæður verða samt sem áður til þess að flestir reiða sig áfram á einkabílinn.

> Þolinmæði bifreiðaeigenda er skiljanlega orðin takmörkuð. Hér eru alltof margir bílar í umferð miðað við hvað gatnakerfið þolir.

Ljóst er að eitthvað verður að gera. Auðvelt er að kasta því fram að forgangsröðun hjá ríkinu, sem á Vegagerðina sem er stærsti veghaldarinn á höfuðborgarsvæðinu, sem og hjá sveitarfélögunum sé röng. Hún er það. Það verður að veita meira fé í gatnakerfið sem er ein grunnstoða samfélagsins. Á móti kemur hin klassíska spurning: Hvaðan eiga fjármunirnir að koma? Og svarið er einfalt; þeir eiga að koma frá notendunum, ekki síður ferðamönnum en bifreiðaeigendum.

Það er óskiljanlegt hversu lítið hefur gerst á kjörtímabilinu í að skipuleggja hvernig eigi að heimta sanngjarnt framlag af ferðamönnum sem hingað koma fyrir afnot af grunnstoðum landsins. Það er skömm ef tímabilið líður án þess að niðurstaða fáist í það mál.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvað er fyrir löngu?**

**Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, skrifaði harðorða grein á Eyjuna í gær þar sem hann gerði stöðu mála í ferðaþjónustunni að umtalsefni. Karl segir í greininni að ríkið hefði fyrir löngu átt að vera búið að setja fjármagn í að bæta öryggi á ferðamannastöðum líkt og nú eigi að gera. Karl ritaði hins vegar aðra grein, 1. maí á síðasta ári, þar sem fram kom að hann væri orðlaus yfir því að senda ætti reikninginn fyrir uppbyggingu ferðamannastaða á skattgreiðendur. Í huga Karls hlýtur „fyrir löngu“ því að vera í mesta lagi tíu mánuðir.**

**Kulnuð glóð**

**Jón Baldvin Hannibalsson kveikti elda innan Samfylkingarinnar í gær þegar hann sagði að Ísland væri ekki á leið inn í Evrópusambandið, það væri eins og að ganga inn í brennandi byggingu. Það er ár síðan Jón lýsti sömu skoðun og Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingar, sagðist ekki geta lesið það úr orðum hans að Jón væri orðinn afhuga sambandinu. En nú þegar ummælin hafa verið áréttuð er spurning hvort Árni bregðist við þeim til að verja síðasta hálmstrá Samfylkingarinnar – sem er sérstaðan í Evrópumálum. Kannski er það of seint. Kannski ESB sé brennandi bygging en Samfylking rjúkandi rúst.** snaeros@frettabladid.is

# Engar kjarabætur í tillögum um almannatryggingar!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Tillögur að nýjum lögum um almannatryggingar veita lífeyrisþegum engar kjarabætur. Niðurstaðan er jafnvel verri: Sumir hópar lífeyrisþega verða verr settir en áður. Þeirra kjör munu versna!

Tillögurnar gera ráð fyrir að fækka flokkum; sameina á grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn nýjan flokk lífeyris. Heimilisuppbót verður hins vegar áfram sérstakur flokkur. Nýi flokkurinn verður nákvæmlega að sömu upphæð, ásamt heimilisuppbótinni og gömlu flokkarnir voru samanlagt, eða 246 þúsund krónur fyrir skatt hjá einhleypingi, rúmlega 212 þúsund eftir skatt. Frítekjumörk verða felld niður en skerðing tekna 45% nema séreignarlífeyrissparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Breytingarnar munu koma þokkalega út fyrir þá öryrkja, sem hafa mikla starfsgetu; eru með 50 prósent eða meiri starfsgetu en þeir öryrkjar,sem eru 75 prósent öryrkjar eða meira verða verr settir á vinnumarkaði en áður. Eins er með eldri borgara. Ef þeir geta unnið, verða þeir verr settir en áður; munu sæta meiri skerðingu en fyrr.

Aldurstengd örorkuuppbót verður felld niður en í staðinn kemur 22 þúsund króna uppbót á mánuði fyrir þá, sem urðu öryrkjar 24 ára eða fyrr.

Gert er ráð fyrir nýju matskerfi fyrir öryrka, starfsgetumati í stað læknisfræðilegs mats. Þeir sem eru orðnir 55 ára þurfa þó ekki að fara í það mat en allir undir þeim aldri.

Lagt er til, að lífeyrisaldurinn verði hækkaður í 70 ár á 24 árum. Mun aldurinn verða hækkaður um tvo mánuði á ári í tólf ár og síðan um einn mánuð á ári í önnur tólf ár.

> Ég gerði mér vonir um, að nýjar tillögur um almannatryggingar mundu fela í sér verulegar kjarabætur fyrir aldraða og öryrkja, þar eð lífeyrir er í dag alltof lágur.

Stjórnvöld munu hugsa sér gott til glóðarinnar að láta lífeyrisþega sjálfa greiða kostnaðinn við breytingar á kerfi almannatrygginga með því að hækka lífeyrisaldurinn í 70 ár.

Ég gerði mér vonir um, að nýjar tillögur um almannatryggingar myndu fela í sér verulegar kjarabætur fyrir aldraða og öryrkja, þar eð lífeyrir er í dag alltof lágur. En það eru engar kjarabætur, heldur kjaraskerðing hjá vissum hópum!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hvað er að í íslenskri minjavörslu?



Orri Vésteinsson
prófessor í fornleifafræði við HÍ

**Starfsmenn forsætisráðuneytisins sjá ekki bjálkann í auga stjórnvalda en hreyta ónotum í fornleifafræðinga eins og þeir séu rót vandans. Þeir eru það ekki – fornleifafræðingar eru fólkið sem er, bókstaflega, drullugt upp fyrir haus að bjarga íslenskum menningararfi.**

Á Íslandi eru að lágmarki 130.000 minjastaðir. Af þeim hefur um fjórðungur verið skráður á vettvangi og má því gera sér allgóða grein fyrir ástandi minja í landinu. Um 56%, eða meira en 70.000 staðir hafa horfið eða skemmst á síðastliðinni öld, langflestir vegna túnræktar, húsbygginga og vegaframkvæmda. Náttúruöflin, landbrot og uppblástur, bera ábyrgð á um 8.000 stöðum sem hafa skemmst eða horfið. Af þeim 60.000 minjastöðum sem eftir eru teljast 3.600 í stórhættu (staðurinn mun eyðast ef ekki er gripið til aðgerða) og 33.000 í hættu (staðurinn er á framkvæmda- eða rofsvæði). Mannaverk ógna meirihluta þessara staða en tæplega 7.000 eru í hættu vegna landbrots (sjávar- eða vatnsrof), uppblásturs eða skriðufalla. Þessar tölur eru grófar áætlanir, byggðar á þeim gögnum sem þó eru til en engin skipuleg vöktun fer fram þannig að hægt sé að segja til um hversu hratt minjastaðir eru að eyðast á landsvísu. Í Noregi sýna mælingar að eitt prósent minjastaða eyðist á ári hverju – sem jafngildir um 1.300 stöðum hér á landi.

Þessar tölur gefa hugmynd um vandann en segja ekki alla söguna: sumir flokkar minja hafa farið mun verr en aðrir út úr framkvæmdagleði síðustu áratuga. Þannig eru sennilega innan við fimm prósent bæjarhóla óskemmd – en bæjarhólar eru þeir minjastaðir sem geyma langsamlega mest af gripum og öðrum minjum um líf Íslendinga frá landnámi og fram á 20. öld. Landbrot við sjávarsíðuna ógnar kannski ekki meira en 2.000 stöðum en þar á meðal eru flestir ef ekki allir lykilstaðir í sögu íslensks sjávarútvegs.

**Stjórnvöld úrræðalaus**

Af þeim hundruðum staða sem skemmast á ári hverju hér á landi er aðeins brot kannað með rannsóknum (44 uppgraftarleyfi voru veitt á síðasta ári) og engar heildstæðar áætlanir eru til um hvernig eigi að bregðast við þeirri ógn sem steðjar að þeim þúsundum sem fyrirsjáanlega munu hverfa á næstu árum og áratugum.

Íslensk stjórnvöld eru úrræðalaus frammi fyrir þessum vanda. Þau hafa ekki treyst sér til að takast á við hina raunverulegu vá sem steðjar að íslenskum menningararfi – eyðingarmætti peninga- og náttúruaflanna. Þau hafa ekkert fram að færa nema innihaldslaust hringl með stofnanir. Starfsmenn forsætisráðuneytisins sjá ekki bjálkann í auga stjórnvalda en hreyta ónotum í fornleifafræðinga eins og þeir séu rót vandans. Þeir eru það ekki – fornleifafræðingar eru fólkið sem er, bókstaflega, drullugt upp fyrir haus að bjarga íslenskum menningararfi.

Boðað frumvarp um að kljúfa Minjastofnun í tvennt og leggja enn frekari hindranir í veg rannsókna leysir engan vanda. Það dregur athyglina frá hinum raunverulegu ógnum, veikir rannsóknarinnviði og torveldar björgunarstarfið. Ég hvet forsætisráðherra til að taka frekar höndum saman við okkur sem vinnum á þessu sviði til að finna lausnir sem virka.

# Eldra fólki á vinnumarkaði fjölgar



Þorseinn Sæmundsson
þingmaður Framsóknarflokksins

**Því miður höfum við séð vísbendingar um að fólki hér á landi sé mismunað á vinnumarkaði á grundvelli aldurs, þrátt fyrir þá ómetanlegu reynslu sem þessi hópur hefur öðlast á sínum starfsferli.**

Það er ánægjulegt að sjá að sífellt hærra hlutfall eldra fólks starfar á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt er að hæfileika þeirra sem eldri eru njóti við þegar yngri kynslóðir eru að koma nýjar inn á vinnumarkaðinn. Í Félagsvísum 2015, sem gefnir eru út af velferðarráðuneytinu, kemur fram að atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 55-74 ára var 67,2% árið 2014 en tíu árum áður var hlutfallið 63,3%.

**Bætt starfsumhverfi**

Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar, sem og annars staðar á Vesturlöndum, er að breytast og hlutfall þeirra sem eldri eru eykst smám saman. Í mannfjöldaspá Hagstofunnar er til að mynda gert ráð fyrir því að hlutfall Íslendinga 60 ára og eldri verði komið yfir 30% árið 2060. Á sama tíma erum við heilsuhraustari og ævilíkur að lengjast, sem leiðir af sér aukinn vilja og getu til virkrar þátttöku í atvinnulífinu hjá þeim sem eldri eru. Hér á Íslandi er stærstur hluti vinnumarkaðarins blessunarlega meðvitaður um mikilvægi þess að tryggja starfsfólki sínu starfsumhverfi sem stuðlar að betri líðan og heilsu. Gott og vandað starfsumhverfi skilar sér í betri anda á vinnustaðnum og ánægðara starfsfólki, sem skilar sér í auknum afköstum.

**Jöfn meðferð á vinnumarkaði**

Það er ljóst að við erum á réttri leið. Mikilvægt er að auka möguleika þeirra sem eldri eru til að viðhalda og efla vinnufærni sína svo að vinnumarkaðurinn geti notið þeirrar miklu þekkingar og færni sem þessi aldurshópur býr yfir, sem lengst. Þar má meðal annars nefna möguleika einstaklinga á nýjum starfsvettvangi á miðri starfsævinnar eða seinni stigum hennar. Einnig er mikilvægt að sveigjanleg starfslok séu raunverulegur valkostur þegar líður að lokum starfsævinnar. Því miður höfum við séð vísbendingar um að fólki hér á landi sé mismunað á vinnumarkaði á grundvelli aldurs, þrátt fyrir þá ómetanlegu reynslu sem þessi hópur hefur öðlast á sínum starfsferli.

Til stendur að félagsmálaráðherra leggi fram frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði nú í vor. Í frumvarpinu felst að fyrirtæki og stofnanir megi ekki mismuna fólki, meðal annars á grundvelli aldurs. Samþykkt slíks frumvarps er mikilvægt skref í að styðja enn betur við eldra fólk á vinnumarkaði og mun ég glaður greiða atkvæði mitt með því.





# Aukaslag í hjarta miðbæjarins

Canopy Reykjavík | City Centre er glæsilegt hótel sem opnar í sumarbyrjun. Við leitum að leigjendum fyrir 5 rými sem eru á bilinu 100 til 300 fermetrar að stærð og snúa ýmist að Hverfisgötu, Klapparstíg eða út í Hjartagarð. Canopy leggur áherslu á jákvæða og afslappaða upplifun hótelgesta. Markmið okkar er að gestir séu þátttakendur í líflegu hverfi, fremur en utanaðkomandi áhorfendur. Við viljum leyfa sérkennum miðbæjarins að halda sér, efla mannlífið og bjóða gestum okkar að skynja borgina utan við póstkort og minjagripabúðir. Við fögnum litadýrð og sköpunargleði sem brýst fram í ferskum mat, fallegu handverki og frumlegum hugsunum.

Icelandair hótel er leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi sem samanstendur af átta hótelum um allt land: Reykjavík Natura, Reykjavík Marina, Flúðir, Klaustur, Hérað, Hamar, Akureyri og Vík. Icelandair hótel reka einnig sumarhótelkeðjuna Hótel Eddu, sem er með 11 hótel staðsett vítt og breitt um landið. Hilton Reykjavík Nordica fellur einnig undir rekstur Icelandair hótela og nú bætist Canopy Reykjavik City Center við hótelflóru fyrirtækisins. Icelandair hótel reka einnig fjóra veitingastaði: VOX, Satt, Slippbarinn og Aurora.

Þeim sem hafa áhuga er bent á að senda skriflega umsókn á info@icehotels.is fyrir 13. mars n.k.
Frekari upplýsingar má finna á vefslóðinni leigurymi-canopyreykjavik.com

canopy™ REYKJAVÍK CITY CENTRE

# Á að skerða húsnæðisstuðning tekjulágra lífeyrisþega?



María Óskarsdóttir
formaður málaefnahóps ÖBÍ um kjaramál

Í nýlegri grein í Morgunblaðinu undir yfirskriftinni „Nauðsynlegar umbætur á húsnæðismarkaði“ staðhæfir Elsa Lára Arnardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, að með frumvarpi til laga um húsnæðisbætur verði frítekjumörk hækkuð verulega og að húsnæðisstuðningur miðist við fjölskyldustærð. Frumvarpið var tekið til vandlegrar skoðunar hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og gerðar mjög alvarlegar athugasemdir í umsögn til velferðarnefndar Alþingis.

Í stuttu máli er niðurstaðan sú að ef frumvarpið fer óbreytt í gegn mun það ekki bæta stöðu lífeyrisþega á leigumarkaði. Þvert á móti yrði staðan sú að húsnæðisstuðningur við aðra en einhleypa lífeyrisþega mun lækka fyrsta árið eftir gildistöku þess. En hvers vegna er það svo?

Í fyrsta lagi eru frítekjumörk frumvarpsins allt of lág til að ná markmiði laganna að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda með greiðslu húsnæðisbóta. Ef heildartekjur einstaklings eru yfir 2.700.000 kr. á ári (225.000 kr. á mánuði) skerðast húsnæðisbæturnar. Frítekjumörkin eru það lág að lífeyrisþegar, sem eru eingöngu með lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu, myndu fá skertar húsnæðisbætur.

Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir því að innleiða nýtt kerfi í tveimur áföngum. Fyrsta árið á sama frítekjumark (2.700.000 kr. á ári) að gilda óháð því hversu margir búa í heimili. Slík ráðstöfun myndi leiða til þess að húsnæðisstuðningur til lífeyrisþega mun lækka, þar sem búa fleiri en einn í heimili. Húsnæðisstuðningur til hjóna með þrjú börn, sem bæði hafa eingöngu lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu, myndi lækka um 12.730 kr. á mánuði. Það sama er uppi á teningnum fyrir einstæða foreldra í sömu stöðu, húsnæðisstuðningur til þeirra yrði lægri en í núverandi kerfi.

> **Í nýlegu viðtali á RÚV er haft eftir formanni velferðarnefndar Alþingis að veigamiklar breytingar þurfi að gera á húsnæðisfrumvörpunum áður en þau verða að lögum. Óbreytt frumvarp mun skerða kjör lífeyrisþega í leiguhúsnæði. Er það virkilega ætlun þingmanna?**

Á öðru ári er ætlunin að innleiða reiknistuðla, sem myndi gera það að verkum að frítekjumarkið hækkar eftir því sem heimilismönnum fjölgar. Eftir innleiðinguna yrði húsnæðisstuðningur til lífeyrisþega mjög svipaður því sem hann er í dag. Reiknistuðlar frumvarpsins eru töluvert lægri en reiknistuðlar vinnuhóps á vegum velferðarráðuneytisins, sem byggja á gögnum úr lífskjarakönnun Hagstofu Íslands og frá EUROSTAT. Reiknistuðlar frumvarpsins voru hins vegar útfærðir með hliðsjón af því fjármagni sem til var að dreifa í málaflokknum. Reiknistuðull frumvarpsins hækkar mjög lítið við hvern viðbótar heimilismann, er einn fyrir einn í heimili og 1,75 ef fimm eða fleiri eru í heimili.

## Viðurkennir vandann

Í viðtali í Speglinum á RÚV þann 8. febrúar sl. er haft eftir Elsu Láru að kannað verði hvort rétt sé að hækka frítekjumörk í samræmi við hækkanir á bótum almannatrygginga sem tóku gildi um áramót. Þá verði kannað hvort flýta megi innleiðingunni þannig að bætur fólks skerðist ekki fyrsta árið. Engu sé þó hægt að lofa að svo stöddu. Elsa Lára viðurkennir vandann en svör hennar um hvort og hvernig bæta eigi úr þessum veigamiklu annmörkum frumvarpsins eru því miður mjög óljós.

Í umsögn ÖBÍ er tillaga um að frítekjumarkið sé ekki lægra en 300.000 kr. á mánuði og að húsnæðisbætur falli niður við svipaða upphæð og í núverandi kerfi (við 487.500 kr. á mánuði) fyrir einstakling. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að húsnæðisstuðningur fyrir einstakling falli niður við mánaðartekjur í kringum rúmar 610.000 kr. Forgangsraða ætti frekar í þágu þeirra sem þurfa að fá þennan stuðning.

Í nýlegu viðtali á RÚV er haft eftir formanni velferðarnefndar Alþingis að veigamiklar breytingar þurfi að gera á húsnæðisfrumvörpunum áður en þau verða að lögum. Óbreytt frumvarp mun skerða kjör lífeyrisþega í leiguhúsnæði. Er það virkilega ætlun þingmanna?

# Að þakka fyrir sig



Eyvindur P. Eiríksson
þúsundþakkasmiður

> **Jæja. Það hefur víst lítið að segja hvað okkur finnst, þessum aumingjalýð, lösnum eða gömlum, sem getur sjálfum sér um kennt, að amrískum sið, að hafa bara tvö hundruð þúsund Íslandskrónur á mánuði og sumir ekki það.**

Seint þakka sumir og þakka þó. Hér þakkar þessi áttræði tölvupikkari, sem lengst kenndi útlendingum íslensku en skrifar nú bækur. En þau sem ráða gefa þær ekki út, enda „of mikil ádeila“. Ádeila? Er ekki flest að fara til hákristilegs fjandans? Ekki trúlaus gaurinn en lítt hrifinn af al-þettaoghitt-guði, hvaða nafni sem nefnist. Sköpunarklúður hans vill hann t.d. ekki kenna einhverjum „honum“ eða „henni“ um. Það verk stjórnast augljóslega af einhverju „gengurgengur ekki“-lögmáli. Hver startaði því BANG-i er annar handleggur. „Hver skapaði guð?“, spurði barnið „Ljótt að skrökva“, sagði mamma, og skulu trúboðendur minntir á, að það er enn ljótt, sérstaklega að börnum, þótt vel sé borgað. M.a.o.: Hvaða hrellir fór að kalla dauðahjálp „dráp“? Enginn drepinn, aðeins hjálpað úr kvölum. Sem hver olli?

Útgefendur svara ekki kallinum og skal þakkað fyrir að vekja ekki vonlausum sölumanni verka sinna falskar vonir. Jú, einn skammaðist yfir trufluninni: Að bjóða sér handrit! Skrifarinn hér kann ekki að vera í klíku, bara klípu. Og allir hata Strandamenn! Ha? Hah!

Jæja. Það hefur víst lítið að segja hvað okkur finnst, þessum aumingjalýð, lösnum eða gömlum, sem getur sjálfum sér um kennt, að amrískum sið, að hafa bara tvö hundruð þúsund Íslandskrónur á mánuði og sumir ekki það. Skítt með menntun og starfskunnáttu, ef maður er of lítill fáviti til að hafa „vit“ á að skipta henni í einkagróða. Nei, „athafnamennirnir“, sem geta að vísu ekki athafnað sig án aðstoðar stjórnvalda, sem þeir sjálfir kosta til valda, fá auðvitað að hrifsa sem mest þeir mega – og eiga. Um þetta sjá pólitísku sprellikallarnir þeirra, og „nikkedukkerne“! Gróðamennin stjórna almennt fjölmiðlum, frjáls pressa lítt í boði frekar en í US-inu og víðar. Þetta gengur, því borgarinn er að jafnaði heiðarlegur, trúir þeim. Flesta dreymir líka um að fá smámola af dýra brauðinu, skinnin. Samfélagið er spillt hvort eð er. Furðumargt frábært hér einnig þó. „Ókei og holræs“, sagði leikfélagi fyrir vestan. En manni sýnist 60% landans ganga með sjálfspíningarhvöt, fínt orð! Eða „Massa-kiss-me“, sko.

## Biggasti lúserinn

En öllu fer fram. Já? Laugavegur orðinn enskubúðagata í amrísku krummaskuði, gerir út á túristabylgju sem brotnar svo og fjarar út. Áfram veginn silast bílafólkið, þekkir ekki stæðahús, eyðir ævinni mengandi þannig, meðan blessuð þjóðin stefnir hraðan í að verða aftur biggasti lúserinn. Kaupmenn vita ekki um göngugöturnar vinsælu í útlandinu.

Kallinn þessi hefur ekki átt bíl í hundrað ár, æææ, hjólað mestalla sína hundstíð, oftast á eigin uppgerðu hjólum. Átt hins vegar skútur og skektur. Unnið fjölda starfa, m.a.s. sem blaðamaður, átti t.d. viðtal í Moskvu við Leonov, fyrsta mann sem fór út úr fari í geimnum, og kafteininn, Beljaév. Sá líka Ararat en enga örkina samt. Jájá.

Honum mér tókst sem sé að verða gamall. Þá hlupu ástin mín og krakkarnir upp til handa og fóta og skutu í Norræna húsinu á málstofu og listakvöldi á Sólon. Þar taldist Strandakallinn allmerkur maður, gott skáld og rithöfundur, jafnvel sæmilegur fræðimaður. Frábært fólk ræddi stubbinn og verk hans, eða flutti brot úr hans og eigin verkum. Bar honum gjafir. Hann er varla kominn niður á fasta jörð enn.

Ástarþakkir Gro Tove, börnin mín og makar og börn, ekki síst Bragi og Eldey, besti bróðir og frú og þeirra börn, Dagný, Ástráður, Njörður, Jóhanna, Egill, Steini gamli vinur, Valdi, Teitur, Morten, Óttar, Ari og Kjuregei, og aðrir vinir nær og fjær.

Næst er að hugsa fyrir því níræða, í Reykjavík, Arnardal eða á Sandsmörk. Kannski uppi á næsta skýi?

# Boltinn er hjá velferðarráðuneytinu



Pétur Magnússon
forstjóri Hrafnistu



Í Fréttablaðinu 25. febrúar sl. birtist grein eftir formann kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni þar sem fram kemur að þegar eldri borgari fari á hjúkrunarheimili taki Tryggingastofnun ríkisins lífeyri hans til greiðslu kostnaðar við dvölina á hjúkrunarheimilinu. Sé það líkast eignaupptöku. Jafnframt segir í greininni að stjórnvöld íhugi að breyta fyrirkomulaginu en hjúkrunarheimilin leggist gegn því. Þetta er alrangt. Undirrituðum er ekki kunnugt um hjúkrunarheimili sem er fylgjandi núverandi fyrirkomulagi enda hafa þau verið sett í hlutverk innheimtufulltrúa fyrir ríkisvaldið, hlutverk sem þau hafa aldrei beðið um að fá að taka að sér.

Greiðslufyrirkomulag á hjúkrunarheimilum er ákvarðað af stjórnvöldum einum og hjúkrunarheimilin hafa ekkert um málið að segja. Tryggingastofnun reiknar greiðsluþátttöku hvers og eins út frá skattframtali viðkomandi, fjárhagslegum eigum og fleiri atriðum sem hjúkrunarheimilin hafa enga vitneskju um. Að loknum útreikningi fá hjúkrunarheimilin greidda upphæð sem ekki svarar til raunkostnaðar og hefur ekki gert um árabil. Frádregin er svo sú upphæð sem viðkomandi einstaklingur á að greiða til heimilisins. Því þurfa hjúkrunarheimilin að innheimta hjá heimilisfólki það sem upp á vantar og það er staða sem við erum mjög mótfallin.

## Jaðrar við mannréttindabrot

Að mínu mati mati jaðrar núverandi kerfi við mannréttindabrot. Líkt og Landssamband eldri borgara hefur ályktað um, höfum við á Hrafnistuheimilunum hvatt stjórnvöld til að breyta fyrirkomulaginu til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Sem framlag til þeirrar nauðsynlegu undirbúningsvinnu sem þarf að eiga sér stað sendi Hrafnista erindi til velferðarráðuneytisins á síðasta ári þar sem ráðuneytið var hvatt til dáða í þessum efnum.

> **Greiðslufyrirkomulag á hjúkrunarheimilum er ákvarðað að stjórnvöldum einum og hjúkrunarheimilin hafa ekkert um málið að segja.**

Hrafnista bauð ráðuneytinu jafnframt fulltrúa í vinnuhóp til þess að vinna að málinu og að nýtt kerfi yrði prufukeyrt á einu til tveimur Hrafnistuheimilum í tilraunarskyni.

Í stuttu máli felst hugmynd um nýtt fyrirkomulag í því að hver íbúi hjúkrunarheimilis haldi fjárhagslegu sjálfstæði, ólíkt því sem er í dag. Viðkomandi greiddi þá fyrir fæði, húsnæði, þvott og þrif, allt eftir því hvaða þjónustu viðkomandi kysi að notfæra sér. Þá myndi viðkomandi jafnframt greiða húsaleigu í samræmi við fermetrafjölda og gæði húsnæðisins. Önnur þjónusta væri valfrjáls. Kostnaður vegna umönnunar, þjónustu læknis- og hjúkrunar yrði greiddur af stjórnvöldum. Fulltrúi velferðarráðuneytisins kynnti þessa hugmynd á félagsfundi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir nokkrum árum. Þar var henni vel tekið og hvatt til þess að hugmyndinni yrði hrint í framkvæmd. Boltinn er því hjá velferðarráðuneytinu sem vonandi kemst í þetta mikilvæga mál sem allra fyrst.

Þess má geta hér í lokin að á síðasta ári var gerð könnun meðal 600 íbúa á Hrafnistuheimilunum sem sýndi að 42% þátttakenda greiddu ekkert fyrir búsetu á Hrafnistu. Um 21% greiddi innan við 49 þúsund krónur á mánuði. Samtals greiða því rúmlega 60% íbúa á Hrafnistu lítið eða ekkert fyrir dvölina. Rétt er að taka fram að þessar upphæðir eru ekki viðbót við framlag ríkisins til starfseminnar heldur skerðir ríkið framlag sitt sem þessu nemur.




mazda

Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi eiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalausa akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT




Gylfi Þór Sigurðsson hefur aldrei skorað meira í ensku úrvalsdeildinni en á þessari leiktíð og enn eru níu leikir eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Getur spilað með þeim bestu

**Gylfi Þór Sigurðsson er í miklum ham í ensku úrvalsdeildinni á EM-árinu 2016. Hann skoraði sitt sjötta mark á árinu um helgina og hefur nú aldrei skorað meira í ensku úrvalsdeildinni. EM-árið er hans ár.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson, landsliðsmaður Íslands í fótbolta, heldur áfram að fara á kostum með liði sínu Swansea í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta. Hafnfirðingurinn skoraði sjötta mark sitt á árinu og það áttunda í heildina á tímabilinu þegar hann tryggði velska liðinu gríðarlega mikilvægan 1-0 sigur á Norwich síðastliðinn laugardag.

Gylfi Þór er ein helsta ástæða þess að Swansea fjarlægist falldrauginn, en liðið er nú níu stigum frá fallsvæðinu og þarf eftir því sem Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Sunderland, segir aðeins fimm stig til viðbótar til að halda sæti sínu. Aldrei áður hefur verið jafn mikilvægt að halda sér í deildinni, en frá og með næsta tímabili verða meira að segja lélegustu lið úrvalsdeildarinnar á meðal þeirra ríkustu í Evrópu þegar nýr sjónvarpssamningur tekur gildi.

Það eru góð tíðindi fyrir íslenska landsliðið að Gylfi er í jafn miklum ham og raun ber vitni, en þessa stundina eru það Walesverjarnir sem græða á gæðum hans. Síðustu þrjú mörk Gylfa hafa tryggt liðinu fimm mikil væg stig, en hann skoraði einnig jöfnunarmark gegn Everton í lok janúar í sigurleik þar sem Swansea fékk þrjú stig.

### Aldrei fleiri mörk

Þrátt fyrir að níu umferðir séu enn eftir í ensku úrvalsdeildinni er Gylfi Þór nú þegar búinn að bæta persónulegt met sitt í markaskorun. Eftir að byrja afskaplega rólega og vera ólíkur sjálfum sér fyrir áramót eru mörkin í heildina orðin átta í úrvalsdeildinni. Hann skoraði sjö í fyrra sem var jöfnun á persónulegu meti hans. Gylfi sló í gegn þegar hann kom fyrst á láni til Swansea í úrvalsdeildinni seinni hluta tímabils 2012/2012 og skoraði þá sjö mörk í 18 leikjum.

Gylfi hefur aðeins einu sinni skorað meira í efstu deild, en það gerði hann sem leikmaður Hoffenheim í þýsku 1. deildinni tímabilið 2010/2011. Þá skoraði miðjumaðurinn magnaði níu mörk í 29 leikjum. Besti árangur hans í meistaraflokki eru 17 mörk í 38 leikjum fyrir Reading 2009/2010 en það var í næstefstu deild.

Í heildina er Gylfi Þór búinn að skora 30 mörk í ensku úrvalsdeildinni í 137 leikjum sem gerir 0,22 mörk af miðjunni í leik. Ekki slæmt. Hann tók fram úr Heiðari Helgusyni með markinu á móti Crystal Palace á dögunum, en Heiðar skoraði 28 mörk í 96 leikjum (0,30 í leik) fyrir Watford, Fulham, Bolton og QPR á sínum ferli. Eiður Smári Guðjohnsen er markahæstur Íslendinga í ensku úrvalsdeildinni með 55 mörk í 211 leikjum (0,26 í leik) fyrir Chelsea og Tottenham.

### Ísland truflaði kannski

„Eftir að byrja tímabilið ekki vel hefur Gylfi verið í miklu stuði síðustu vikur og skorað mikilvæg mörk. Ekkert mark þó jafn mikilvægt og sigurmarkið gegn Norwich. Hann var langbesti maður vallarins og kom liðinu lengra frá fallsvæðinu,“

> Gylfi er algjör gæðaleikmaður með frábærar aukaspyrnur. Hann skorar mörk af miðjunni og þannig leikmenn eru eftirsóttir.
>
> Stephen Ware, fótboltablaðamaður

**51%**

**Mörk og stoðsendingar Gylfa fyrir Swansea hafa með beinum hætti hjálpað til við að safna 17 af 33 stigum liðsins sem er ríflega helmingur stiga Swansea.**

segir velski blaðamaðurinn Stephen Ware í viðtali við Fréttablaðið.

Ware er blaðamaður á South Wales Evening Post og hefur það sem aðalstarf að fjalla um Swansea. Hann nefnir tvennt til sögunnar aðspurður hvers vegna hann heldur að Gylfi Þór hafi ekki verið að spila nógu vel fyrir áramót.

„Gylfi var spurður að því eftir leikinn á laugardag og sagði nú að hann hefði kippt því í lag ef hann vissi það sjálfur. Ég held að íslenska landsliðið hafi kannski aðeins verið að trufla hann. Það tók vafalítið mikið á bæði andlega og líkamlega að spila svona vel fyrir sína þjóð og koma liðinu á EM. Það er erfitt að spila svona vel fyrir tvö lið á sama tíma,“ segir Ware, en salan á Jonjo Shelvey til Newcastle hjálpaði líka til.

„Garry Monk notaði Gylfa með Shelvey á miðjunni og þeir eru frekar svipaðir leikmenn. Báðir vilja fara fram og skora þannig að kannski voru þeir hvor fyrir öðrum. Nú fær Gylfi meira pláss. Hann er einn allra mikilvægasti leikmaður liðsins og skilar miklu til þess. Meira að segja þegar hann var ekki að spila nógu vel hrósaði Garry Monk honum alltaf fyrir hvað hann lagði mikið á sig bæði á æfingum og í leikjum,“ segir Ware.

### Nógu góður fyrir þau bestu

Velski blaðamaðurinn segir lítið slúður í gangi um möguleg félagaskipti Gylfa í sumar. „Það var nú ekki mikið að gerast í síðasta glugga því hann var ekki að spila eins og hann á að sér. Ég veit ekki alveg hvernig hann lítur á þetta og hvort hann vilji fari því hann var náttúrlega áður hjá Tottenham. Þar fékk hann lítið að spila og kannski vill hann ekki taka þá áhættu aftur,“ segir Ware.

Ware efast ekki um að Gylfi geti spilað með bestu liðum deildarinnar verði hann til sölu í sumar, en íslenski landsliðsmaðurinn fær auðvitað risastóran glugga til að sanna sig enn frekar á Evrópumótinu í sumar.

„Hann getur alveg spilað með fjórum bestu liðunum að mínu mati, en að minnsta kosti topp sex. Gylfi er algjör gæðaleikmaður með frábærar aukaspyrnur. hann skorar mörk af miðjunni og þannig leikmenn eru eftirsóttir,“ segir Stephen Ware.

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Keflavík - ÍR 100-80**
Keflavík: Magnús Traustason 19/7 fráköst, Jerome Hill 17/8 fráköst/5 stoðsendingar, Ágúst Orrason 13, Guðmundur Jónsson 13/5 fráköst, Valur Orri Valsson 12.
ÍR: Eyjólfur Halldórsson 17, Sæþór Elmar Kristjánsson 14/4 fráköst, Sveinbjörn Claessen 12/4 fráköst.

**Njarðvík - Haukar 79-85**
Njarðvík: Jeremy Martez Atkinson 23/11 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Maciej Stanislav Baginski 20/5 stoðsendingar, Hjörtur Hrafn Einarsson 14, Oddur Rúnar Kristjánsson 9.
Haukar: Brandon Mobley 21/10 fráköst, Kristinn Marinósson 18, Haukur Óskarsson 14/5 fráköst, Finnur Atli Magnússon 11/8 fráköst/4 varin skot, Hjálmar Stefánsson 10/7 fráköst, Kári Jónsson 8/8 stoð.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| KR | 34 | Njarðvík | 22 |
| Keflavík | 30 | Snæfell | 16 |
| Stjarnan | 30 | Grindavík | 16 |
| Haukar | 28 | ÍR | 12 |
| Þór Þorl. | 26 | FSu | 6 |
| Tindastóll | 26 | Höttur | 6 |

**SÁRT TAP GEGN KANADA**
Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mun ekki leika til úrslita á Algarve-mótinu. Liðinu dugði jafntefli í leiknum gegn Kanada í gær en leikurinn tapaðist, 1-0. Ísland mun því leika um bronsverðlaunin gegn liði Nýja-Sjálands. „Ég er drullusvekktur en við verðum að læra af þessu og gíra okkur upp í bronsleikinn,“ sagði Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari eftir leikinn.



**PEYTON KVADDI Í GÆR**
Einn besti leikstjórnandi í sögu NFL-deildarinnar, Peyton Manning, lagði skóna á hilluna í gær eftir glæsilegan átján ára feril. Hann náði tvisvar sinnum að vinna Super Bowl. Peyton var fimm sinnum valinn besti leikmaður deildarinnar og á flest af glæsilegustu metum deildarinnar. Hann kastaði boltanum fyrir flestum snertimörkum og á einnig metið yfir flesta sigra ásamt Brett Favre.



**TOPPSLAGUR Á ÁSVÖLLUM**
Tvö langefstu liðin í Domino's-deild kvenna mætast í Schenkerhöllinni á Ásvöllum í kvöld þegar Haukar taka á móti Snæfelli. Leiða má líkur á því að titilbaráttan muni að mestu ráðast í þessum leik þar sem ekkert lið á lengur möguleika á að ná þeim að stigum. Snæfell er með tveggja stiga forystu á Hauka sem á þó leik til góða. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 4.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.55 | Hull - Arsenal | Sport 2 |
| 19.10 | Haukar - Snæfell | Sport 4 |
| 19.30 | Real Madrid - Roma | Sport |
| 19.30 | Wolfsburg - Gent | Sport 3 |
| 21.45 | Meistaradeildarmörk | Sport |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Haukar - Snæfell | Hafnarf. |



# ÁTTU ERFITT MEÐ SVEFN?

**Artasan ehf. kynnir** Lunamino er nýtt á markaði á Íslandi og það fyrsta sinnar tegundar. Það inniheldur valdar jurtir og bætiefni ásamt amínósýrunni L-tryptófan sem er byggingarefni svefnhormónsins melatóníns.

Góður svefn er undirstaða góðrar heilsu en um það bil þriðjungi mannsævinnar er varið í svefn. Tímabundið svefnleysi getur valdið vanlíðan og þreytu á daginn og haft mikil áhrif á dagleg störf. Við eigum erfiðara með að einbeita okkur, erum þreytt og pirruð og rökhugsun skerðist. Algengt er að streita, áhyggjur, kvíði, óvissa og þunglyndi valdi því að við sofum illa en ýmsir sjúkdómar, bæði líkamlegir og andlegir, geta haft bein áhrif líka. Margir kannast einnig við mikla þreytu í tengslum við ferðalög milli tímabelta og/eða vaktavinnu og svo hefur mataræðið einnig áhrif.

**NÝTT SVEFNBÆTIEFNI**

„Lunamino er nýtt á íslenskum markaði og alveg einstakt. Það inniheldur L-tryptófan, valdar jurtir og bætiefni sem öll eru þekkt fyrir róandi og slakandi áhrif. Þessi blanda getur hjálpað okkur að sofna og gert nætursvefninn betri og samfelldari,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**SVEFNHORMÓNIÐ MELATÓNÍN**

„L-tryptófan er amínósýra sem við fáum úr ýmsum matvælum, t.d. úr eggjum, osti, laxi, hnetum, fræjum, kalkúnakjöti og tofu. Þessi amínósýra er lífsnauðsynleg því líkami okkar framleiðir hana ekki sjálfur. L-tryptófan er byggingarefni svefnhormónsins melatóníns sem heilaköngullinn framleiðir og getur það því haft áhrif á svefn,“ útskýrir Hrönn.




**EINSTÖK BLANDA**

Auk L-tryptófans inniheldur Lunamino vel þekktar jurtir. „Það inniheldur melissu sem hjálpar okkur að sofna ásamt lindarblómi og höfrum sem eru sérstaklega róandi. Lunamino inniheldur einnig blöndu af B-vítamínum og magnesíum. B-vítamín eru sérlega mikilvæg fyrir starfsemi taugakerfisins og magnesíum, sem er vöðvaslakandi og getur m.a. dregið úr fótapirringi.“

**UM 30% ÞJÁST AF SVEFNLEYSI**

Svefnleysi er útbreitt heilsufarsvandamál sem hefur alvarlegar sálrænar, líkamlegar og efnahagslegar afleiðingar í för með sér. Talið er að um þrjátíu prósent Íslendinga eigi við svefnvandamál að stríða og er neysla svefnlyfja mun meiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum.

„Lunamino getur reynst afar hjálplegt við að komast út úr þeim vítahring sem svefnleysi getur valdið og hjálpað til við að bæta svefninn og svefnmynstrið. Það er þó ekki síður mikilvægt að koma sér upp rútínu fyrir svefninn sem miðar að því að róa hugann og fá okkur til að slaka á.

**Fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu, Apótekinu og Fræinu Fjarðarkaupum**



Lunamino inniheldur L-tryptófan, valdar jurtir og bætiefni sem öll eru þekkt fyrir róandi og slakandi áhrif. Þessi blanda getur hjálpað okkur að sofna og gert nætursvefninn betri og samfelldari.

Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan



Hópurinn æfir þrisvar til fimm sinnum í viku.



Konurnar eru allar komnar í rokna form og eru fullar af eldmóði.



„Það eru allir hrifnir af áskorun okkar og við fáum mikla athygli í dalnum enda áberandi þar,“ segir Hólmfríður Vala.

# Mömmur fullar af eldmóði og krafti

**Gullrillurnar** er hópur kvenna sem ákváðu að klára Fossvatnsgönguna, 50 kílómetra skíðagöngu, með stæl. Margar þeirra höfðu ekkert stundað skíði áður en hafa æft stíft í allt haust.

„Við erum tíu mömmur sem ákváðum að gera þetta. Einhverjar okkar höfðu verið í íþróttum áður en upp til hópa eru þetta bara venjulegar konur. Þetta er því talsverð áskorun,“ segir Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, ein Gullrillanna en það er hópur kvenna á Ísafirði sem settu sér það markmið í haust að klára Fossvatnsgönguna 2016 sem fer fram í lok apríl.

„Þetta er erfið ganga, 50 kílómetrar upp á heiði og yfir tvö fjöll að fara. Eftir að ákvörðun hafði verið tekin fórum við strax að æfa þrisvar til fimm sinnum í viku og fylgjum ströngu plani. Við höfum sem betur fer verið rosalega heppnar með veður,“ segir Vala.

Fossvatnsgangan verður haldin í áttugasta og fyrsta sinn í vor og því löng hefð fyrir göngunni á Ísafirði. Gangan á sér aðdáendur um allan heim en hátt í fimm hundruð erlendir skíðaíþróttamenn taka þátt í ár. Gullrillurnar verða því í góðum félagsskap og segir Vala áskorunina hafa blásið þeim eldmóði í brjóst.

„Við erum svo ákafar í þessu að við erum þegar farnar að keppa og mætum, mömmurnar, á startlínuna með krökkunum og unglingunum. Sumar höfðu aldrei klætt sig í startnúmer áður og það er mikið hugrekki í hópnum, kraftur og þor. Um helgina förum við í okkar fyrsta keppnisferðalag, í Strandagönguna sem er 20 kílómetra löng. Við erum allar komnar í rokna form og þetta hefur fyllt okkur eldmóði. Reyndar svo miklum að við höfum skráð okkur í aðra viðburði Landvættakeppninnar sem við klárum í sumar. Við fáum sérstaka búninga í næstu viku og höfum búið til lógó og læksíðu á Facebook. Það er heljarinnar vinna að fylgja þessu eftir,“ segir Vala sposk og bætir við að hópurinn líti á sig sem ímynd hins venjulega borgara sem setur sér háleit markmið og fylgir þeim eftir. „Við erum meira að segja farnar að plana mót í útlöndum.“

> Þetta er erfið ganga, 50 kílómetrar upp á heiði og yfir tvö fjöll að fara.

Hópurinn æfir þrisvar til fimm sinnum í viku, í tvo til þrjá tíma í senn og segir Vala það hafa reynt álíka mikið á börnin og eiginmennina. „Þetta kostar auðvitað mikla fjarveru frá heimilinu en það er líka ákveðin áskorun að leyfa sér að fara út á þriggja tíma æfingu oft í viku, vitandi af öllu sem þarf að gera heima. En við erum allar afar vel giftar og karlarnir standa við bakið á okkur. Það eru allir hrifnir af þessari áskorun okkar og við fáum mikla athygli í dalnum enda áberandi þar. Skíðsvæðið er orðið okkar annað heimili.“

**Fylgjast má með Gullrillunum á Facebook.**


25% afsláttur af Solaray bætiefnum í mars.

Hágæða bætiefni sem næringarþerapistar mæla með.

VINNUR Á BÓLGUM

NAUÐSYNLEG STEINEFNI

NAUÐSYNLEGAR OLÍUR

FYRIR LIFRINA




www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!




# VOLVO XC90 MEÐ 407 HESTÖFL Í SNJÓSLAG

## Volvo XC90 T8 tekinn til kostanna á snæviþakinni braut nálægt Arnarhreiðrinu. T8 útgáfan er 407 hestöfl, tvinnbíll sem eyðir aðeins 2,1 lítra og fæst á góðu verði þar sem hann er vörugjaldslaus.

Bíll ársins á Íslandi, Bretlandi, í Frakklandi og víðar er hinn nýi lúxusjeppi Volvo XC90. Þessum bíl hefur verið mjög vel tekið þá örfáu mánuði sem hann hefur verið á sjónarsviðinu. En hvernig ætli það sé að leika sér með alöflugustu gerð hans, 407 hestafla T8 útgáfuna, á snævi þakinni sérútbúinni braut í Þýskalandi nálægt Arnarhreiðrinu í Berchtesgaden? Greinarritari getur vitnað um það að slík upplifun er engu lík og þar var nánast bara ekið á hlið og bíllinn látinn spóla sig út úr hverri beygju. Í raun var alveg hægt að láta bílinn fara alla brautina í skriki og drifta honum frá byrjun til enda. Mikill tími gafst til þessarar reynslu og endalausir hringir farnir og ávallt reynt að gera betur og skemmta sér enn meira með þetta frábæra tæki í höndunum.

### Ökumenn léku sér sem börn

Með allt það afl sem þessi bíll býr yfir er slík upplifun svo skemmtileg að leitun er á öðru eins. Til þess þarf að taka af skrikvörn bílsins og það er alveg óhætt því ef ökumaður missir bílinn úr brautinni gerir það hreinlega ekkert til því víðáttan tók bara við. Þó var ráðlagt að vera ekki nálægt næsta bíl. Margir ökumenn lentu reyndar utan brautar við þessa skemmtun og nokkrir festu sig. Þá dugði yfirleitt að lyfta upp loftpúðafjöðrun bílsins og í flestum tilvikum kraflaði bíllinn sig sjálfur út úr ógöngunum. Allir ökumenn þennan dag breyttust í börn og léku sér eins og enginn væri morgundagurinn og að minnsta kosti skreið undirritaður ávallt úr bílnum rennsveittur af æsingnum og spennunni sem þessu fylgdi. Þá var gott að kæla sig örlítið niður í frostinu sem þarna var, enda staddur í Ölpunum í þó nokkurri hæð.

### Frábær á vegunum líka

Þó að Volvo XC90 jeppinn sé tiltölulega nýr af nálinni tókst Volvo að selja 88.000 slíka á síðasta ári og mun örugglega selja talsvert fleiri á þessu ári. Hann fæst nú hér á landi með D5 dísilvél, 225 hestafla og í þessari öflugu T8 útfærslu, 407 hestafla þar sem 2,0 lítra bensínvélin skaffar 320 hestöfl og rafmótorar 87 hestöfl. Með þessari drifrás er eyðsla hans í blönduðum akstri aðeins 2,1 lítri og mengunin 49 g/km og því er hann vörugjaldslaus og fyrir vikið á góðu verði. Þessi útgáfa bílsins er hreint mögnuð og í senn fáguð. Bíllinn er ógnarsnöggur, eða aðeins 5,6 sekúndur í hundraðið og er tog hans heilir 640 Nm. Við sem mættir vorum til að reyna þennan skemmtilega jeppa í Þýskalandi fengum líka að aka honum mikið um þýska og austurríska sveitavegi, á hraðbrautum og í ægifögrum bæjum þessa svæðis. Þar fór bíllinn jafn mikið á kostum og í snjónum í Ölpunum og snerpa hans fannst enn betur er hann hafði „fast land undir fótum“.

### Volvo hefur ekki undan að framleiða XC90

Volvo er á fljúgandi ferð þessa dagana, ekki bara XC90 T8 í snjó í Ölpunum. Volvo seldi yfir 500.000 bíla í fyrra og jók mjög við sölu sína milli ára og voru 269.000 þeirra seldir í Evrópu. Mest sala Volvo í einu landi er hins vegar í Kína, næstmest í Svíþjóð og svo koma Bandaríkin, Bretland og Þýskaland. Volvo hreinlega hefur ekki undan að framleiða XC90 jeppann og er víðast bið eftir honum, en sú bið er alveg þess virði. Þarna fer skuggalegt tæki og fjölhæft í meira lagi.




# HVERNIG BRESKA SPILABORGIN HRUNDI

Í meira en tvo áratugi framleiddi Bretland flesta bíla allra Evrópulanda. Í ofanálag hafa Bretar framleitt ótrúlegt magn af sögufrægum bílum og eru líklega virkasta þjóð í heimi í akstursíþróttum. Þrátt fyrir alla þessa sögu sést bílalandið Bretland varla á radar bílabransans. Hvað í ósköpunum gerðist?

**Sindri Snær Thorlacius**

Í fyrri greinum mínum um Japan, Þýskaland, Bandaríkin og Frakkland hef ég talið upp helstu bílaframleiðendur landsins. Ég geri það þó ekki í þessari grein sökum þess hversu margir þeir eru ásamt því að fæstir þeirra eru í eigu Breta í dag.



Austin Mini


Jaguar E-type

### Upphafið

Frederick Simms keypti réttindin á Daimler-vélinni 1893 sem hann notaði í mótorbát. Tveimur árum síðar keypti Harry Lawson vélina af Simms til nota á landi. Það reyndist erfitt þar sem rauðfánalögin (e. the Red Flag Act) hindruðu notkun vélknúinna farartækja á vegum Bretlands. Lögin voru á þann veg að á undan bifreiðinni þurfti alltaf að vera maður með rauðan fána til að vara aðra vegfarendur við og þá fyrst og fremst hesta. Lawson og Simms settu þá á laggirnar fyrsta bílaklúbb Bretlands sem vann að því að breyta lögunum. Fyrstu bresku bílarnir sóttu mest alla tækni frá Þýskalandi og Frakklandi sem voru skrefi á undan þangað til um aldamótin 1900 þegar fyrstu bílarnir sem hannaðir voru í Bretlandi komu á sjónarsviðið frá fyrirtækinu Wolvesley Sheep Shearing Company frá iðnaðarborginni Birmingham. Herbert Austin, forstjóri fyrirtækisins, sagði sig úr því til að stofna sitt eigið fyrirtæki, Austin. Á aðeins þremur árum framleiddi Austin sautján nýjar gerðir af bílum.

### Kanarnir sjá sér leik á borði

Árið 1913 byggði Bandaríkjamaðurinn Henry Ford verksmiðju í Manchester og tók forystu í bílaframleiðslu í Bretlandi með yfir 7.000 bíla framleidda á fyrsta árinu. Árið 1925 blandaði General Motors sér í leikinn með kaupum sínum á Vauxhall. Á stuttum tíma fylltust vegir og stræðarinnar umferðarteppur mynduðust í stórborgunum.

### Morris, Rover og Austin láta til sín taka

William Morris byrjaði, eins og svo margir aðrir bílafrömuðir, á því að framleiða reiðhjól. Þaðan hóf hann mótorhjólaframleiðslu og árið 1912 byrjaði glæstur ferill hans sem bílaframleiðandi. John Kemp Starley fór einnig sömu leið með því að hanna reiðhjól, mótorhjól og svo loks bifreið en ólíkt Morris þá var fyrirtæki hans ekki nefnt eftir honum heldur bar það nafnið Rover. Rover bifreiðar voru í dýrari kantinum og voru ætlaðar aðlinum. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út stöðvaðist bílaframleiðsla svo að hægt væri að framleiða hergögn. Eftir stríð varð til eftirspurn eftir ódýrari bílum og reið Austin á vaðið með því að bjóða upp á „Litla Austin“, eða Austin Seven, sem kostaði aðeins 225 pund árið 1922. Árið 1925 var framleiðslugeta Austin komin í 25.000 bíla á ári.

### Úr 158 framleiðendum í 58

Á milli stríða urðu miklar breytingar í breska bílaiðnaðinum, árið 1922 voru 183 bílaframleiðendur í Bretlandi en árið 1929 voru þeir aðeins 58 talsins. Stærstu framleiðendurnir árið 1929 voru Morris og Austin, en þessir tveir framleiddu um 60 prósent af öllum seldum bílum í Bretlandi. Árið 1932 tók Bretland fram úr Frakklandi sem stærsta bílaframleiðsluland Evrópu og hélt þeirri forystu þangað til 1955. Til að setja það í samhengi voru framleiddir um 500.000 bílar í Bretlandi árið 1937. Kreppan á fjórða áratugnum setti strik í reikninginn þar sem margir höfðu ekki efni á einkabíl og atvinnuleysi var mikið. Meira að segja lúxusbílaframleiðandinn Bentley, sem hafði skömmu áður unnið hinn fræga Le Mans kappakstur í Frakklandi, fór á hausinn og var keyptur upp af Rolls Royce og í mörg ár voru Bentley bílar einungis ódýrari útgáfur af Rolls Royce bílum.

### Morris tekur forystuna

Morris varð stærsti framleiðandi landsins og seldi á þeim tíma næstum þriðjung af öllum nýjum bílum í Bretlandi ásamt því að kaupa upp nokkra minni framleiðendur. Með því að fylgja fordæmi Ford og General Motors hvað fjöldaframleiðslu varðaði varð Morris mjög skilvirkur framleiðandi með ánægða verkamenn. William Morris varð gríðarlega ríkur en átti engin börn, svo hann gaf mestöll auðæfi sín til góðgerðarmála. Árið 1939 var Evrópa aftur stríðshrjáð. Aftur voru allar verksmiðjur nýttar í framleiðslu hergagna, svo sem skriðdreka, flugvéla, skotvopna og vörubíla. Verksmiðjurnar voru auðvelt skotmark óvinarins og voru þær gjarnan varðar með kjafti og klóm, enda mikilvægur þáttur í stríðinu. Eftir seinni heimsstyrjöld tók að fækka í kúnnahópi Rover.

### Land Rover verður til

Lúxusbílar voru hreinlega ekki ofarlega í huga kaupenda. Hönnuðir Rover gerðu sér grein fyrir þessu og byrjuðu að hanna fjórhjóladrifinn bíl sem hannaður var út frá hinum fræga Willys Jeep, sem hafði þjónað Bandaríkjamönnum svo vel í stríðinu. Úr varð einn elskaðasti bíll Bretlands, Land Rover. Við framleiðslu hergagna þurfti gríðarlegt magn stáls þannig að eftir stríð setti breska ríkið lög um að einungis þeir sem framleiddu yfir 75 prósent til útflutnings fengju að kaupa stál. Þannig varð Bretland stærsta útflutningsland bifreiða í heimi. Um 1950 voru breskir bílar um helmingur af öllum útflutningi bíla í heiminum. Af þeim voru 29 prósent Ford og GM bílar, sem voru í eigu Bandaríkjamanna.

### Samruni hefst

Sem svar við velmegun amerísku merkjanna í Bretlandi sameinuðust erkifjendurnir Morris og Austin árið 1952 og urðu að British Motor Corporation, eða BMC. Það sem stjórnendur fyrirtækjanna tveggja gerðu sér ekki grein fyrir var að þetta var fyrsti naglinn í kistu breskrar bílaframleiðslu. Þýskaland tók aftur við sér eftir seinni heimstyrjöldina og árið 1953 framleiddi Þýskaland fleiri bíla en Frakkland og árið 1956 fleiri bíla en Bretland. Á þessum tíma varð hröð þróun á bílamarkaðnum og BMC dróst aftur úr. Frekari samruni átti sér svo stað. Sameinuðust þá flestir sjálfstæðir bílaframleiðendur Bretlands, yfir 100 talsins, í eitt vörumerki sem fór fljótt á hausinn, þökk sé lélegri stjórnun og ósætti. Breska ríkið tók yfir fyrirtækið og úr varð British Leyland, eða BLMC. Á sama tíma var verkalýðsfélag bílaiðnaðarins, með Derek Robinson í broddi fylkingar, með uppsteyt og verkföll urðu tíð. Áætlað er að um 200 milljónir punda hafi tapast á árunum 1978 og 1979 sökum verkfalla.

### Björgunaraðgerðir

Árið 1979 var Michael Edwards,

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

TOYOTA

# NÝR RAV4

DRÁTTARKLÁR Í VORVERKIN

ALWAYS A BETTER WAY



## 2WD DRÁTTARKLÁR MEÐ BEISLI OG KERRU

Aukahlutapakki að verðmæti **344.000 kr.** í takmarkaðan tíma.*




**Verð frá 4.990.000 kr.**

**RAV4 GX Dísil 2WD** býðst nú í takmarkaðan tíma með aukahlutapakka hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Með honum fylgir Brenderup 1205S kerra og dráttarbeisli enda býr þessi dísilknúni dráttarklár yfir 1.600 kg dráttargetu. Hann er sparneytinn og sprækur í akstri og gælir við augað með nýrri hönnun á stuðurum, ljósum og grilli. Stimamjúkt leðurstýri, ný sætisáklæði og endurhannað mælaborð, 7" margmiðlunarskjár og 4,2" TFT-upplýsingaskjár draga fram ævintýrið í hverri ökuferð.

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Range Rover


Land Rover



Lotus MK7


McLaren F1



Lotus Elise

upphaflega frá Suður-Afríku, ráðinn yfir British Leyland til að koma hlutunum í réttan farveg. Hann lokaði nokkrum verksmiðjum, borgaði nokkra stjórnarmenn út úr fyrirtækinu og leit til Japans eftir hjálp. British Leyland og Honda þróuðu saman bíl sem færði breska bílaframleiðslu nær samtímanum með nýrri tækni og róbótum. Allt kom fyrir ekki og British Leyland dróst aftur úr og hélt áfram að tapa peningum. Japanar voru búnir að sýna fram á að bílar gátu verið áreiðanlegir og að þeir þyrftu ekki endilega að bila. Undirmerki British Leyland voru gjarnan í samkeppni innbyrðis og reyndist erfitt að fá þau til að vinna saman. Þar að auki voru bílarnir illa smíðaðir og biluðu gjarnan.

**British Leyland sundrast**
Þegar Margaret Thatcher sá vandamálin hrannast upp tók hún þá ákvörðun um að selja British Leyland í pörtum. Frægasta dæmið var þegar Rover, MG og Land Rover voru seld British Aerospace undir þeim formerkjum að þeir mættu ekki selja fyrirtækin næstu fimm árin. Um leið og árin fimm voru liðin, árið 1994, seldi British Aerospace merkin úr landi til BMW með hagnaði. Í fyrsta sinn í næstum heila öld átti Bretland engan stóran bílaframleiðanda. Hér má sjá gróft yfirlit yfir bílamerkin sem seld voru úr landi, þó voru þau ekki öll í eigu British Leyland:

- Jaguar til Ford en síðan til Tata Motors.
- Rover, Triumph og Land Rover til BMW, síðar til Ford og svo til Tata Motors.
- MG, Morris og Austin til BMW en síðar til SAIC.
- Talbot til Peugeot.
- GM tók þá ákvörðun að Vauxhall yrðu bara Opel bílar með öðru merki.
- Aston Martin til Ford en síðar til Prodrive.
- Bentley til Volkswagen.
- Rolls Royce til Volkswagen en síðar til BMW.
- Lotus til GM en síðar til Proton.

Eftir þetta sorgarskeið breska bílaiðnaðarins sá brátt til sólar þegar erlendir bílaframleiðendur settu upp verksmiðjur í Bretlandi til að sinna Evrópumarkaði.

**Endurreisnin**
Eftir öll herlegheitin er breski bílaiðnaðurinn ekki dauður úr öllum æðum. Þvert á móti. Þrátt fyrir að nánast allir breskir bílaframleiðendur séu í eigu annarra þá fer mikið af framleiðslu, hönnun og þróunarvinnu fram í Bretlandi. Það sem hefur gerst seinustu áratugi er að stærri fyrirtæki með meira fjárhagslegt bolmagn hafa gert merkjunum kleift að framleiða aftur góða bíla og hefur breski bílaiðnaðurinn blómstrað. Ódýru framleiðendurnir, Ford og Vauxhall, hafa framleitt vinsæla fólksbíla sem gjarnan hafa verið hannaðir og framleiddir í Bretlandi í samvinnu við önnur Evrópulönd. Dýrari framleiðendur eins og Aston Martin, Jaguar, Lotus, Bentley, Rolls Royce og Land Rover hafa smíðað marga af flottustu lúxus- og sportbílum seinustu áratuga.

**Smáir sportbílar**
Fyrir fimmtíu árum var Bretland frægt fyrir skemmtilega litla sportbíla. Nú eru þeir orðnir vinsæli en nokkru sinni fyrr og eru þeir sérgrein Breta. Áður fyrr voru það framleiðendur á borð við Austin Healey, MG og Triumph en í dag eru það Ariel, BAC, Radical og Noble ásamt Morgan og Caterham.

**Kappakstursíþróttir**
Kappakstur hefur alltaf verið vinsæll í Bretlandi og eru Bretar fjölmennir í hinum ýmsu greinum íþróttarinnar. Hvort sem það er Formúla 1, Heimsrallið eða aðrar keppnir þá eru Bretar sýnilegir á hinum ýmsu stöðum. Í nánast öllum keppnum eru breskir ökuþórar, Bernie Ecclestone er formaður og alráður í Formúlu 1 ásamt því að mörg lið eru starfrækt frá Bretlandi og breskir verkfræðingar vinsælir. Rallý er mikið stundað í Bretlandi og sum sigursælustu lið Heimsrallsins koma þaðan.

**Sögulegir bílar**

**Land Rover** Hönnuðir og verkfræðingar Rover hönnuðu Land Rover árið 1948 með hinn bandaríska Overland Willys í huga, sem gerði garðinn frægan í seinni heimsstyrjöldinni. Það sem úr varð er líklega einn frægasti jeppi allra tíma, ef ekki sá allra frægasti. Hann var ekki bara hannaður fyrir vígvöllinn heldur var hann fyrsti jeppinn sem aðallega var hugsaður fyrir fólk sem bjó í dreifbýli. Hann var lengi framleiddur með litlum breytingum en þegar hann breyttist í útliti árið 1983 breyttist nafnið í Land Rover 90 og 110 og síðar í Defender. Framleiðslu á Defender lauk nýlega, sem þýðir að gamla týpan entist í framleiðslu í 35 ár og nýrri týpan í 32 ár sem verður að teljast merkilegt.

**Lotus Seven** Lotus Seven er af mörgum talinn hinn fullkomni sportbíll. Colin Chapman hannaði hann árið 1957 og Lotus framleiddi hann til ársins 1973, en þá keypti Caterham réttindin. Seven er lítill, tveggja sæta, einfaldur, afturhjóladrifinn og það sem skiptir mestu, fisléttur. Seinustu áratugi hafa bílar byggðir á Lotus Seven orðið mjög algengir því að hægt er að kaupa þá sem „Kitcar“ eða bíl sem þú setur saman sjálfur og sparar þar með pening. Caterham selur þá bæði samsetta og ósamsetta í hinum ýmsu útfærslum.

**Mini** Tvímælalaust „breskasti“ bíll sem framleiddur hefur verið og gríðarlega vinsæll. Hann var hannaður af Alec Issigonis fyrir BMC, sem síðar varð British Leyland og var í framleiðslu frá 1959 til ársins 2000. Mini var mjög smár en rúmgóður fjölskyldubíll. Hann var mjög ódýr og rannsökuðu helstu keppinautar BMC hvers vegna þeir gátu boðið hann svona ódýrt. Í ljós kom að þeir töpuðu peningum á hverjum einasta seldum Mini. Þrátt fyrir að vera fjölskyldubíll var Mini mjög sigursæll í hinum ýmsu keppnisgreinum og þá sérstaklega í ralli. BMW keypti Mini-nafnið og kynnti til sögunnar aðra kynslóð af Mini árið 2001. Nýi bíllinn fékk mikla gagnrýni, aðallega vegna þess hversu stór og þungur hann var. Þrátt fyrir að hafa verið hannaður af BMW er nýi Mini framleiddur í Bretlandi.

**Jaguar E-type** Kom fyrst út 1961 með heldur framúrstefnulegt útlit sem bræddi flest hjörtu og er talinn í dag vera einn fallegasti bíll sem framleiddur hefur verið. Hann hafði ekki bara útlitið með sér heldur þótti hann hafa frábæra aksturseiginleika, bauð upp á mikla nýja tækni og var á samkeppnishæfu verði. Framleiðslu á E-type var hætt árið 1975 en nýi F-type bíllinn er að miklu leyti byggður á útliti hans.

**Range Rover** Árið 1970 vildi Land Rover kynna til leiks stærri útgáfu af hinum vinsæla Land Rover. Fékk bíllinn nafnið Range Rover og þótti vel heppnaður enda mjög dýr í kaupum. Hann varð vinsæll á sveitasetrum Bretlands enda stór og sterkbyggður. Fljótt bættust við alls kyns lúxusútgáfur með fjórum hurðum í stað tveggja, leðursætum og fleiri tækjum og tólum. Varð hann þá enn vinsælli og hófst jeppavæðing borgarbúa. Í dag virðist ekkert vera sjálfsagðara en að keyra um á lúxusjeppum í borgum og er Range Rover þar í sérflokki.

**McLaren F1** McLaren var búið að vera þekkt lið í Formúlu 1 frá árinu 1963 þegar ákveðið var að framleiða bíl fyrir almennan markað árið 1992. Það var enginn venjulegur fjölskyldubíll þó, heldur vægast sagt ofurbíll. Hann var merkilegur fyrir margra hluta sakir, m.a. fyrir að vega aðeins 1.138 kg. Hann var með gríðarlega litla vindmótstöðu, minni en flestir sportbílar í dag. Sætin voru þrjú og situr ökumaður í miðju bílsins. Efnin sem hann var byggður úr voru m.a. koltrefjaefni, títan, gull, magnesín og kevlar. Vélin var frá BMW og skilaði 618 hö sem stuðlaði að því að árið 1998 var McLaren F1 hraðskreiðasti framleiðslubíll í heimi þegar hann náði 390,7 km/klst. Hann hélt metinu til ársins 2005 þegar Bugatti Veyron kom til sögunnar.

**Lotus Elise** Eftir að maðurinn á bak við Lotus, Colin Chapman, féll frá tók sala Lotus að dala. Bílarnir voru orðnir gamlir og úreltir og kúnnahópurinn fámennur. Árið 1996 gáfu þeir þá út Elise, enn einn sportbílinn í fjaðurvigt, nema núna í nútímabúningi. Elise varð gríðarlega vinsæll sportbíll og er enn í dag, 20 árum síðar. Það má segja að þessi bíll hafi komið Lotus aftur á korti sem hefði annars auðveldlega getað fallið í gleymskunnar dá.


SUZUKI
Way of Life!
GYÐA SÓL OG SUZUKI
ÁST VIÐ FYRSTU SÝN!
ÞENNAN ÞARFTU AÐ SJÁ!
VITARA S
VERÐ FRÁ KR.
4.980.000
VITARA
SUZUKI ☎ 568 5100
VITARA S
Vitara S er flaggskipið hjá Suzuki. Hann er með hemlunaraðstoð, hraðastilli með fjarlægðarskynjara og þá er í bílnum upplýsinga- og afþreyingarkerfi með Apple CarPlay og MirrorLink auk fleiri tækninýjunga.
Vitara S kemur með nýrri og spennandi 1,4 lítra túrbóvél sem er mjög sparneytin og hefur fengið frábæra dóma.
ALLGRIP
ALLGRIP 4WD skapar akstursseiginleika í sérflokki.
EURO NCAP
www.euroncap.com
Suzuki á Íslandi
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

KIA SPORTAGE

**1,7 DÍSILVÉL, 136 HESTÖFL**
**Framhjóladrif**

**Eyðsla** 6,3 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 147 g/km $CO_2$
**Hröðun** 11,5 sek.
**Hámarkshraði** 176 km/klst.
**Verð** 5.790.777 kr.
**Umboð** Askja

**KEMUR Á ÓVART**
- Hve skemmtileg í akstri beinskipt útgáfa bílsins var.
- Hve frábært hljóðkerfi má fá í bílinn, bæði frá JBL og Harman Kardon.

- Forþjöppuhik
- Verð á dýrustu útf

# ENN FRAMFÖR Í GÓÐUM BÍL AF 4. KYNSLÓÐ

Fjórða kynslóð jepplingsins sem er söluhæsta bílgerð Kia í Evrópu. Ekki mikið breyttur í útliti en nú enn meira fyrir augað. Hefur stækkað og innanrými tekið miklum framförum og hlaðinn staðalbúnaði.

**KIA SPORTAGE**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Söluhæsti bíll Kia í Evrópu er Sportage jepplingurinn enda vel lukkaður bíll þar á ferð og í flokki bíla sem einkar vinsælir eru um allan heim um þessar mundir. Kia hefur selt 3,5 milljónir Sportage bíla frá því fyrsta kynslóð hans var kynnt árið 1993. Hann er nú nýkominn af fjórðu kynslóð og fæst nú þegar hjá söluaðila Kia á Íslandi, Öskju. Kia er suður-kóreskt fyrirtæki en Sportage er bæði hannaður og smíðaður í Evrópu og sérstaklega beint að þeim markaði. Sportage er náttúrulega hannaður undir yfirumsjón Peters Schreyer, aðalhönnuðar Kia, en hann hannaði meðal annars Audi TT á árum sínum hjá Volkswagen bílafjölskyldunni. Ný kynslóð Kia Sportage var kynnt blaðamönnum í nágrenni Barcelona á Spáni um daginn og þar er alls ekki leiðinlegt að prufuaka bílum, ekki síst þegar um er að ræða fjölmargar útfærslur þessa vinsæla bíls. Hann kemur nú með fjölmörgum vélarkostum og í margháttuðum útfærslum svo hver sem er ætti finna útfærslu við sitt hæfi.


Kia Sportage

### Margir vélarkostir

Kia Sportage má bæði fá með framhjóladrifi og fjórhjóladrifi og vélarkostirnir eru margir. Hér á landi verður hann í boði með 1,7 lítra dísilvél sem er 115 hestöfl, með 2,0 lítra dísilvél sem er 136 hestöfl og 1,6 lítra bensínvél sem er 177 hestöfl. Með minni dísilvélinni kostar hann aðeins frá 4.790.777 kr. en bensínbíllinn kostar öllu meira, eða 7.190.777 kr. Með tveggja lítra dísilvélinni kostar hann 5.790.777 kr. Auk þessara véla má sérpanta bílinn með 2,0 lítra öflugri bensínvél sem skráð er fyrir 185 hestöflum og 400 Nm togi. Var sá bíll reyndur á Spáni og fór þar gríðarskemmtileg græja og mjög öflug en á þeim bíl gætti þó nokkurs túrbínuhiks, en er því sleppir, eftir um eina sekúndu, sprettur hann áfram sem viljugur hestur.

### Góður beinskiptur

Dísilbíllinn með stærri vélinni er líka ári sprækur enda togar hann 373 Nm og sá grunur læðist að greinarritara að sá bíll verði vinsælasti sölubíllinn hér á landi. Alla bílana má fá bæði framhjóladrifna og fjórhjóladrifna, nema þann með 2,0 lítra bensínvélinni, en hann býðst eingöngu með fjórhjóladrifi. Minni dísilvélin dugar þessum bíl líka mjög vel og er þá kominn ódýr og góður kostur einnig. Þrátt fyrir lægri hestaflatölu hans togar hann heila 280 Nm og er sáralítið seinni í hundraðið en sá með stærri dísilvélinni. Í reynsluakstri var sérstaklega tekið eftir því hve skemmtilegt var að aka beinskipta bílnum með 1,7 lítra dísilvélinni og skyldi enginn hræðast að kaupa þennan bíl beinskiptan. Sportage kemur nú með þremur akstursstillingum, Normal, Eco og Sport og sannarlega er gaman að taka á bílnum í Sport-stillingunni.

### Jákvæð en lítil útlitsbreyting

Útlitslega hefur Sportage ekki breyst mjög mikið milli kynslóða en flottari er hann sannarlega. Nýjar línur hans eru mun sportlegri og þarna fer svo sannarlega bíll fyrir augað, eins og á við um flesta bíla sem Peter Schreyer hannar. Það er helst að framendi bílsins hafi tekið miklum breytingum með stærra og flottara grilli og aðalljósum og mjög smekklegum og áberandi þokuljósum að neðan. Sportage hefur stækkað milli kynslóða og 3 cm lengra er á milli hjóla nú og nýtur innanrýmið þess og er allt stærra, höfuðrými, fótarými og farangursrými, sem nú stækkar í 503 lítra úr 463 l. Innréttingin í bílnum hefur tekið miklum fram-



ærslu

- Útlit
- Innrétting
- Hljóðlátur
- Búnaður





förum, er laglega og traustvekjandi, sætin eru afar flott og fá má þau bæði með hita og kælingu. Þau eru að auki laglega tvílit. Í GT-line útgáfu bílsins er innréttingin einfaldlega hrikalega flott og minnir á miklu dýrari bíla. Kia hefur tekist afar vel til við að hljóðeinangra bílinn og vart má heyra hvort vél bílsins sé í gangi.

### Harman Kardon hljóðkerfi

Velja má um hrikalega öflugt og gott Harman Kardon hljóðkerfi í bílinn og var hreinn unaður að kynnast því en einnig er í boði JBL hljóðkerfi með átta hátölurum sem fer fram úr væntingum flestra. Fjöðrun Sportage er ákaflega vel heppnuð, hæfilega stíf og sportleg og vel mátti leggja á þennan jeppling eins og um fólksbíl væri að ræða. Undirvagninn virðist miklu stífari og betri en í forveranum og stýringin hefur batnað. Kia segir reyndar að stífleiki bílsins hafi batnað um heil 39% og mun meira af hástyrktarstáli er nú notað í hann. Mikill staðalbúnaður er í Sportage og auka má við hann með aukabúnaði. Ef Sportage var samkeppnishæfur bíll í sínum flokki mega aðrir framleiðendur nú enn meira vara sig, þarna fer mjög álitlegur bíll og víst að sala hans mun bara aukast bæði hérlendis sem annars staðar.





**INNRÉTTINGIN** í GT-line útfærslunni er enginn eftirbátur lúxusbíla

**INNANRÝMI** Sportage hefur stækkað milli kynslóða, enda bíllinn lengri



**FARANGURSRÝMI** hefur aukist um 40 lítra og er nú 503 lítrar

RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ

Jeppi stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu, orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja réttu dekkin. Þegar jeppadekk eru annars vegar búum við yfir áratuga reynslu og þekkjum þá eiginleika sem breytilegar akstursaðstæður kalla á.


Söluaðilar um land allt



Open Country AT / Open Country MT
TOYO TIRES
All-terrain AT / Mud-terrain KM2
BFGoodrich
Bighorn MT-762 / Bravo AT-771
MAXXIS

Bílabúð Benna
590 2045 / benni.is

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



Aston Martin DBX

## Aston Martin smíðar heima

Aston Martin hefur lengi velt fyrir sér að velja Alabama-ríki í Bandaríkjunum til smíði nýs jeppa síns, DBX. Forsvarsmenn fyrirtækisins tóku þó nýverið ákvörðun um að smíðin færi fram í heimalandinu, Bretlandi. Bíllinn verður byggður í Wales í gamalli hergagnaverksmiðju í St. Athan sem breytt verður til smíði bílsins. Aston Martin hefði þurft að byggja nýja verksmiðju í Alabama og ráðamenn þar vildu ólmir fá Aston Martin til að smíða bílinn þar og buðu ýmsa fyrirgreiðslu svo það mætti verða. Aston Martin valdi hins vegar heimavöllinn til að spara sér tíma og koma jeppanum fyrr á markað. Aston Martin mun einnig smíða Lagonda bíl sinn í verksmiðjunni í Wales. Ein af ástæðunum fyrir því að Aston Martin hugðist smíða DBX jeppann í Bandaríkjunum er að þar finnast margir kaupendur að svo dýrum og flottum bíl. Það dugði þó ekki til í þetta sinn.



Rafmagnsbíll hlaðinn.

## Þýskaland vill grænu leiðina

Mikill vilji er hjá þýskum yfirvöldum að örva kaup og framleiðslu vistvænna bíla og hefur iðnaðarráðherrann, Sigmar Gabriel, lýst vilja sínum til fjárfestingar fyrir tvo milljarða evra, eða 285 milljarða króna, til að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að velja umhverfisvæna bíla, með áherslu á rafmagnsbíla. Hann vill gera betur í stuðningi yfirvalda til þeirra sem kaupa slíka bíla með stuðningsgreiðslum við kaup, líkt og tíðkast í Bandaríkjunum.

**Fáar hleðslustöðvar**

Þá vill hann einnig byggja upp þéttriðið net hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla í landinu. Þar eru fyrir 2.500 hleðslustöðvar, en aðeins 100 þeirra eru hraðhleðslustöðvar. Lengi hefur verið rætt um stuðningsgreiðslur við kaup umhverfisvænna bíla, þó án þess að til þeirra hafi komið að neinu marki í Þýskalandi, en hjá mörgum öðrum þjóðum í Evrópu eru þessar greiðslur við lýði.

**Langt frá markmiðum Angelu Merkel**

Angela Merkel hefur lýst því yfir að hún vilji sjá eina milljón rafmagnsbíla á þýskum götum árið 2020, en það er ekki beint að fara að gerast miðað við sölutölur. Árið 2014 seldust aðeins 19.000 slíkir í landinu og þó svo fleiri hafi selst í fyrra er svo langt í land að nær ógjörningur er að þessu markmiði Merkel verði náð. Allir þýsku bílasmiðirnir eru farnir að selja eða eru við það að setja á markað hreinræktaða rafmagnsbíla, en þeir eru enn þá dýrir og líklega mun salan ekki taka alvarlegan kipp fyrr en yfirvöld veita kaupendum stuðning með greiðslum við kaup á þeim.



Porsche Cayenne Hybrid

# VERÐA ÞEIR BÍLAFRAMLEIÐENDUR UNDIR SEM EKKI ÞRÓA RAFBÍLA?

Fiat Chrysler er eitt þeirra fyrirtækja sem spáð er að gætu koðnað niður þar sem svo til engin áhersla er lögð þar á þróun rafmagnsbíla.

Þrátt fyrir að bensínverð sé lágt og hjálpi þeim bílaframleiðendum í bili sem ekki hafa lagt mikla áherslu á rafmagnsdrifrás í bíla sína, spá margir að þeir verði undir með tímanum. Þróunin í átt að rafdrifnum bílum er þegar komin nokkuð vel á veg en bílaframleiðendur hafa lagt mismikla áherslu á rafmagnsbíla. Ef til vill er Porsche skýrasta dæmið um framsækið fyrirtæki sem ætlar ekki að missa af lestinni, sem og reyndar stóra Volkswagen bílafjölskyldan, sem eftir dísilsvindlið hefur gefið upp að áherslan verði lögð á bíla sem ganga fyrir rafmagni eingöngu eða að hluta.

**Fiat Chrysler á lokametrunum**

Fiat Chrysler er eitt þeirra bílafyrirtækja sem litla áherslu hafa lagt á þróun rafmagnsbíla og þróunarkostnaður fyrirtækisins í nýjungar í bíla sína almennt er einstaklega lágur, eða 1.026 dollarar á hvern seldan bíl á meðan Tesla leggur 24.783 dollara í þróunarkostnað fyrir hvern bíl sem það selur. Á endanum mun þessi þróunarkostnaður borga sig því kaupendur munu snúa baki við þeim framleiðendum sem ekki bjóða nýjustu og bestu tækni og umhverfisvæna bíla. Svo virðist sem Fiat Chrysler sé að nýta sér stöðuna nú með lágu bensínverði og ætli að mjólka sem mest fé á meðan. Ekki er þó víst að viðvarandi lágt verð á eldsneyti muni duga fyrirtækinu þar sem bílar þess úreldast hratt hvað tækni varðar á meðan svo litlu fé er varið í þróun.

**Hleðslustöðvanet og betri rafhlöður lykilþættir**

Uppbygging hleðslustöðvanets er ef til vill hinn mest ráðandi þáttur í framtíð rafmagnsbíla, sem og betri rafhlöður og langdrægari. Tesla hefur þegar sett upp 597 hraðhleðslustöðvar í Bandaríkjunum með 480 volta spennu sem tryggir hraða hleðslu. Porsche hefur hug á því að setja upp 800 volta hraðhleðslustöðvar vegna hins nýja Mission E rafmagnsbíls síns og annarra framtíðarrafmagnsbíla Volkswagen bílafjölskyldunnar og það gæti riðið baggamuninn hvað kaup fólks varðar á rafmagnsbílum frá þeim. Ný gerð rafhlaða sem tryggir mun meira drægi í bílum mun einnig geta ráðið miklu um það hve hratt rafmagnsbílar munu ryðjast inn á markaðinn og þegar þeir verða flestir komnir með um og yfir 500 km drægi er fátt því til fyrirstöðu að fólk kaupi sér fremur slíka bíla en með brunavél.

**Risarafhlöðuverksmiðja Tesla brátt úrelt**

Bent hefur verið á að ný lithium-ion rafhlöðurisaverksmiðja Tesla verði brátt úrelt vegna tilkomu nýrrar og betri tækni við framleiðslu þeirra. Elon Musk, forstjóri og eigandi Tesla, hefur þó bent á að breyta megi þessari verksmiðju til framleiðslu á nýrri gerð rafhlaða og að það muni ekki stöðva fyrirtækið í að framleiða rafmagnsbíla með bestu hugsanlegu tækni. Fullyrt hefur verið að ný gerð rafhlaða geti þrefaldað drægi rafmagnsbíla og þegar þeir verða komnir með allt að 1.000 km drægi og kosta svipað og bílar með brunavélar þá sé hætt við að fáir kjósi sér hefðbundna bíla og þá standur fátt eftir fyrir þá bílaframleiðendur sem ekki bjóða rafmagnsbíla. Þetta ástand gæti því orðið líkt og gerðist hjá Kodak þegar stafrænu myndavélarnar komu til sögunnar, það sem gerðist með VHS þegar DVD kom til sögunnar og hvað varð með skrúfumótora í flugvélar þegar þotuhreyfillinn kom til sögunnar.

## Jeep Wrangler pallbíll árið 2017

Þeim sem óskað hafa sér að Jeep Wrangler pallbíll væri í boði verður að ósk sinni á næsta ári. Fiat Chrysler, sem Jeep tilheyrir, hefur tekið ákvörðun um framleiðslu á slíkum bíl og það kemur ef til vill ekki á óvart í ljósi góðrar sölu á pallbílum í Bandaríkjunum þessi misserin. Þessi pallbíll er reyndar ekki fyrsti slíki bíllinn frá Jeep, en sá fyrsti af Jeep Wrangler gerð. Jeep hefur reyndar oft kynnt tilraunapallbíla, svo sem Gladiator og J-12, en aldrei hafa þeir farið í framleiðslu. Bíllinn verður smíðaður í Toledo í Ohio, en þar verður einnig næsta kynslóð Jeep Wrangler framleidd. Fiat Chrysler ætlar að gefa frekari upplýsingar um þennan nýja pallbíl, sem og nýtt fimm ára plan fyrirtækisins seinna í þessum mánuði.



RENAULT
Passion for life

# Renault CLIO

## Sjálfskiptur sparneytinn dísilbíll með veglegum kaupauka til páska

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“




## KAUPAUKI OG NÝR iPHONE 6

**Nú er tækifærið til að eignast nýjan sjálfskiptan Renault Clio Sport Tourer með sparneytinni dísilvél. Við bjóðum takmarkað magn af Renault Clio Sport Tourer með veglegum kaupauka ásamt glæsilegum iPhone 6 fram til páska. Komdu í heimsókn og reynsluakstur og sölumenn Renault munu útlista nánar það sem í boði er og gera þér tilboð í notaða bílinn þinn.**

**Verð: 3.190.000 kr.**
CLIO SPORT TOURER
Dísil, sjálfskiptur
**Eyðsla 3,7 l/100 km***

**Verð: 2.990.000 kr.**
CLIO SPORT TOURER
Dísil, beinskiptur
**Eyðsla 3,4 l/100 km***




GLÆSILEGUR iPHONE 6
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM CLIO SPORT TOURER TIL PÁSKA!

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM73972

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

TOYOTA RAV4 HYBRID

2,5 L BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR, 197 HESTÖFL
Fjórhjóladrif
Eyðsla 5,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mengun 117 g/km $CO_2$
Hröðun 8,3 sek.
Hámarkshraði 180 km/klst.
Verð 5.940.000 kr.
Umboð Toyota

- CVT skipting
- Aksturseiginleikar við stífan akstur

- Afl
- Mikið innanrými
- Hljóðlátur

# SKEMMTILEGASTA OG ÖFLUGASTA GERÐ RAV4

Langöflugasta gerð þessa bíls sem bjó til jepplingaflokkinn í heiminum. Er 197 hestöfl með 2,5 lítra bensínvél, auk rafmótora. Hreyfingarnar mun sportlegri en í öðrum gerðum RAV4.

**TOYOTA RAV4 HYBRID**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur



Toyota RAV4 Hybrid

Bíllinn sem bjó til jepplingaflokkinn í heiminum, Toyota RAV4, er nú kominn í tvinnútgáfu, eða sem Hybrid-bíll. Það sem meira er, þetta er langöflugasta útgáfa bílsins og sú langskemmtilegasta sem greinarritari hefur reynt. Toyota RAV4 er sem eðlilegt er mjög söluhár bíll hér á landi sem erlendis, enda hefur hann ávallt verið traustur og góður bíll sem sameinar marga kosti í einu farartæki. Þegar Toyota kynnti fyrst þennan stefnumarkandi bíl var markmiðið að bjóða bíl með mikið rými, háa sætisstöðu, fjórhjóladrif og torfærugetu, fjölbreytt notagildi og litla eyðslu og hann átti ekki að vera á stærð við jeppa. Heimsbyggðin tók slíkum bíl fagnandi og nú eru slíkir bílar þeir allra vinsælustu og allir herma nú eftir og til varð mikil jepplingaflóra. Í fyrra seldust 315.412 eintök af Toyota RAV4 eingöngu í Bandaríkjunum. Þessi bíll er enn af fjórðu kynslóð RAV4 sem kynnt var árið 2013 en hér er komin andlitslyft gerð hans sem er laglegri útlits.

### Gott afl og reffilegur akstur

Það fannst fljótt hversu miklu skemmtilegri í akstri þessi bíll er á fyrstu mínútu reynsluaksturs hans. Hann er mun öflugri en aðrar gerðir hans, enda skráður fyrir 197 hestöflum. Hann er enda með 2,5 lítra bensínvél, auk rafmótora og sparkast því ansi vel áfram og fer sprettinn í 100 á 8,3 sekúndum. Allt afl bensínvélarinnar fer til framhjólanna en afl rafmótoranna til afturhjólanna. Hann er að auki með mun sportlegri hreyfingar en aðrar gerðir RAV4 og stífari allur. Akstur þessa bíls tekur mjög fram öðrum gerðum RAV4 og ekki er verra að vita til þess að hann er að auki eyðslugrennri með sitt Hybrid-kerfi.

### Hleður rafmagni frá öllum hjólum

Við vélbúnað bílsins er tengd CVT stiglaus sjálfskipting og þrátt fyrir almennt litla hrifningu af slíkum skiptingum er hún alls ekki slæm í þessum bíl, en virkar þó verst þegar tekið er vel á bílnum og hægri fætinum er þrýst vel niður. Þá er eins og aflið skili sér ekki að fullu og átök vélarinnar verða meira áberandi en í rólegum akstri. Þar sem jepplingar eru jú ekki framleiddir sem spyrnukerrur telst þetta ef til vill ekki til mikilla ókosta og CVT skiptingin heldur líka niðri eyðslu bílsins, svo það eru kostir og ókostir við slíkar skiptingar. Hybrid-kerfi þessa bíls er frábrugðið flestum Hybrid-kerfum þannig að rafhlöðurnar safna hreyfiafli frá báðum öxlum bílsins, en ekki bara öðrum. Því er meira rafmagnsafl yfirleitt til staðar. Hybrid-kerfi þessa bíls er það sama og í nýkynntum Lexus NX300h. RAV4 Hybrid er þó eyðslugrennri en Lexus NX300h þar sem hann er ríflega 100 kílóum léttari. Við stífan akstur þar sem tekið er vel á bílnum finnst þó fyrir því að þyngd Hybrid-kerfisins, sem bætir 145 kílóum við hann frá grunngerðinni, hamlar honum í akstri og hann er fyrir vikið ekki sem fimleikamaður á vegi, en vissulega er hann sem sannur herramaður, ef varlegar er farið, og fágaður. Hann hallar svolítið of mikið í beygjum og rásfesta mætti vera meiri.

### Mikið innanrými og ágætt skott

Innrétting þessa bíls tekur fram öðrum RAV4 sem prófaðir hafa verið og þar er ekki slorlegt að litast um. Það sem einna best er við innanrými RAV4 er hve rúmt er alls staðar og vel fer um hvern farþega, ekki síst í aftursætunum og nægt er bæði fótarými þar sem höfuðrými. Svo er skottrými bílsins yfrið, eða 505 lítrar og því er hann vel hentugur til lengri ferðalaga. Innréttingin er afar smekkleg og vel útfærð þó efnisnotkun sé ekki á pari við lúxusjepplinga, en hefur þó mikið batnað frá fyrstu gerð fjórðu kynslóðarinnar. Allt er þó greinilega vel smíðað sem fyrr í Toyota bíl og gert til að endast. Það er jú einn af stórum kostum Toyota bíla, þeir endast og eru með hátt endursöluverð og bila lítið. Það skýrir mikið út af hverju bílar þeirra seljast svo vel. Einn merkjanlegur kostur við þennan bíl er hversu hljóðlátur hann er að innan og svo virðist sem bætt hafi verið mikið um frá komu fjórðu kynslóðarinnar fyrir þremur árum. Fá má Hybrid-útgáfu RAV4 frá 5.940.000 kr. sem er nærri milljón krónum meira en ódýrasta gerð hans, en vel þess virði. Með því fæst bæði mun meira afl, sjálfskipting og meiri búnaður.








**MIKIL OG JÁKVÆÐ** breyting hefur orðið á innréttingu RAV4 og efnisval allt betra

**STÓR** afturhlerinn tryggir mjög gott aðgengi að farangursrými



# STÓRGLÆSILEGUR JEPPI
# BÚINN NÝJU SKYACTIV FJÓRHJÓLADRIFI




## MAZDA CX-5 AWD FRÁ 5.490.000 KR.

SKYACTIV TECHNOLOGY

mazda

Mazda CX-5 jeppinn ber af í sínum flokki enda stórglæsilegur á að líta og búinn öllu því besta frá Mazda. Með byltingarkenndri SkyActiv tækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórna afli eða viðbragði – enda er framúrskarandi akstursupplifun eitt aðalsmerki Mazda. Ný kynslóð SkyActiv fjórhjóladrifs gerir Mazda CX-5 rásfastari og enn sprækari. Að komast leiðar sinnar í vetrarfærðinni verður leikur einn.

Mazda CX-5 AWD hlaut 5 stjörnur af 5 mögulegum í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju aðlögunarhæfu LED framljósin veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpara útlit. Ný innrétting og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður upp á GPS vegaleiðsögn, handfrjálsan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

*Komdu og reynsluaktu Mazda CX-5 AWD*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*


Bentley Bentayga

# Bentley hefur fengið 10.000 pantanir í Bentayga

Bentley getur nú framleitt 5.500 eintök á ári af rándýra jeppanum Bentayga en hjá fyrirtækinu liggja nú 10.000 pantanir í jeppann. Hann er dýrasti jeppi heims. Upphaflega var meiningin að framleiða aðeins 3.600 slíka bíla á ári, en Bentley varð að auka við framleiðsluna vegna þessarar miklu eftirspurnar og þar á bæ er nú verið að íhuga hvernig auka megi enn við. Þessi bíll er ekki ódýr og kostar um 200.000 evrur, eða 28,3 milljónir á meginlandi Evrópu en nóg virðist vera af efnuðum kaupendum sem ólmir vilja jeppann. Bentley framleiðir hann í Crewe í Bretlandi og þar verður unnið allan sólarhringinn við smíði hans. Sala á bílum sem kosta á bilinu 125.000 til 250.000 evrur nam 93.554 bílum í heiminum öllum á síðasta ári en því er spáð að sú tala fari í 111.000 árið 2020 sökum mikillar fjölgunar mjög efnaðs fólks í heiminum, ekki síst í Kína.


Audi S8 Talladega

# Audi S8 Talladega R er 802 hestafla skrímsli

Audi S8 er öflugur stór lúxusbíll með 605 hestöfl undir húddinu, en það má alltaf gera betur. Það hefur breytingafyrirtækið MTM gert og er Talladega R útgáfa hans 805 hestöfl og klýfur loftið betur en frumgerðin með alls konar breytingum á ytra byrði hans. Bíllinn er með sömu 4,0 lítra V8 vél eins og frumgerðin, en MTM hefur náð að kreista út úr henni auka tvö hundruð hestöfl og tog hans er 945 Nm. Fyrir vikið er hann aðeins 3,1 sekúndu í hundraðið, undir 10 sekúndum í 200 og 29 sekúndur í 300 km hraða. Hámarkshraðinn er 350 km/klst. Frumgerð Audi S8 kostar 115.825 dollara en MTM dregur 242.962 dollara úr veskjum áhugasamra kaupenda, eða ríflega helmingi meira en Audi gerir. Það eru 31,7 milljónir króna. Þennan bíl ætlar MTM að sýna á bílasýningunni í Genf, sem hefst á morgun. Þar verður hann sýndur við hlið MTM-útgáfu Volkswagen Amarok pallbíls með V8 dísilvél sem skilar 410 hestöflum. Sá bíll er ekki ódýr heldur, því verðið sem MTM setur á hann er 199.143 evrur, eða 28,3 milljónir króna. Það er nokkuð hátt verð fyrir VW Amarok pallbíl.

# Mercedes-Maybach S600 Guard er sterkasti fólksbíllinn



Þeir sem hugsa um öryggi sitt geta nú fengið sterkasta fólksbíl sem um getur: Mercedes-Maybach S600 Guard. Hann stenst öryggisstaðalinn VR10, hvað sem það nú þýðir en forveri hans stóðst aðeins VR9. Þessi bíll þolir að það sé skotið á hann með byssukúlum úr hertu stáli með öflugustu rifflum, hvort sem skotið er á rúður hans eða yfirbyggingu. Bíllinn stenst einnig öryggisstaðalinn „Explosive Resistant Vehicles 2010“ og það merkir væntanlega að hann stenst að auki öflugar sprengingar. Mercedes gefur ekki upp hvaða efni er notað til að brynja svo vel innanrými bílsins en í rúður hans er notað polycarbonate-efni. Þó svo að þessi bíll sé svona vel brynvarinn er allur lúxusbúnaður sá sami og í venjulegum Mercedes-Maybach S600 bíl, sem sagt troðinn af lúxus, með miklu plássi og frábærum akstursegininleikum. Svona bíll er eðlilega ekki ódýr og kostar um 68 milljónir króna. Það þarf bæði mjög efnaðan einstakling og hræddan um líf sitt til að draga upp veskið fyrir svona bíl, en Mercedes myndi ekki framleiða hann nema að slíkir einstaklingar væru einmitt til.




## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar

FAST PARTS

Útvegum varahluti að utan á 2-3 dögum, stórir eða litlir hlutir ekkert mál. Vélar, skiptingar, gírkassar, spíssar, mælaborð, loftbúðar, öryggisbelti, túrbínu, tölvuheilar eða bara bremsuklossar. Orginal eða aftermarket varahlutir, notaðir eða nýjir við getum reddað því. Endilega sendið fyrirspurnir á pantanir@fastparts.is eða hringið í síma 788-8897 (Íslenska) 784-2042 (Enska) Ef við náum ekki að svara í símann þá munum við hringja til baka um leið og við getum.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vélsleðar

DAYCO



Hágæða reimar fyrir vélsleða og fjórhjól á góðu verði.

Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 517 5000

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna

**Tilboð þér að kostnaðarlausu.**
**Uppl. í síma: 820 8888**




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

Nuddtilboð. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 854 3454 og 555 0939.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DUGLEGUR SÖLUMAÐUR**
Leita að duglegum sölumanni sem hefur áhuga á að vinna sér inn 800 þús fyrir lok apríl.

Hafið samband í síma 698-3815.

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

**SMIÐIR**
Óska eftir smiðum í vinnu. Umsóknir sendist á: bosmidir@bosmidir.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Norðurbrú 5 - Sjálandi Garðabæ. 3ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 94,5 fm. íbúð á 3. hæð í Sjálandinu í Garðabæ. Sérstæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi og á baðherbergi. Stofa með hornglugga og útgengi á svalir til austurs. Frábær staðsetning þar sem leik- og grunnskóli er í göngufæri. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

**Miklabraut 50. 3ja herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg 90,4 fm. íbúð á 1. hæð að meðtalinni 5,6 fm. sérgeymslu í kjallara. Íbúðin er með aukinni lofthæð og fallegum gifslistum í loftum. Auðvelt væri að útbúa annað svefnherbergi í hluta af stórri fremri stofu íbúðarinnar. Nýslípað og lakkað gegnheilt parket á gólfum. Suðursvalir með tröppum niður á lóð. **Verð 32,9 millj. Íbúðin snýr að mestu leyti í suður og því er lítið ónæði frá Miklubraut. Verið velkomin.**

**Klukkurimi 17. 4ra herbergja endaíbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg 101,5 fm. endaíbúð með svölum og sérinngangi. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð að innan á undanförnum árum. M.a. skipt um gólfefni, stofan opnuð inn í eldhús, nýir skápar í forstofu og nýjar innréttingar á baði. Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir og er afar vel skipulögð. Austursvalir út af stofu. Stutt er í leikskóla, barnaskóla, framhaldsskóla og alla þjónustu. **Laus til afhendingar strax. Verð 32,9 millj. Verið velkomin.**


FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015.

Allt sem þú þarft ...

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Melaskóla

## Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Melaskóla

Melaskóli er rótgróinn skóli í Vesturbæ Reykjavíkur. Skólinn hefur starfað í 70 ár, eða frá árinu 1946, og byggir starfið á sterkum hefðum. Í skólanum eru 640 nemendur í 1.-7. bekk og um 80 starfsmenn. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Vellíðan, samvinna, metnaður og sköpunargleði eru grundvallargildi skólastarfsins.
Í Melaskóla er bekkjarkerfi og fjölbreyttir kennsluhættir og náið samstarf eru í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi, útikennslu, raungreinar, tæknimennt og list- og verkgreinar. Unnið er að markmiðum Grænna skrefa Reykjavíkurborgar og eftir Olweusaráætlun gegn einelti. Skólinn er í grónu hverfi og er samstarf við heimili, félagasamtök og stofnanir í nærumhverfinu með miklum ágætum.
**Leitað er eftir einstaklingi sem getur veitt skólasamfélaginu faglega forystu á lýðræðislegan hátt og leitt skólann inn í framtíðina með virðingu fyrir ríkri menningarlegri arfleifð.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. maí 2016, eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 21. mars 2016.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is
365

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**


Bergsveinn Ólafsson | Sigurður J. Sigurðsson | Helgi Már Karlsson | Magnús Kristinsson | Ólafur Jóhannsson | Helgi Bjarnason



## TIL SÖLU
**Digranesvegur 1, 200 Kópavogur**
Skrifstofuhúsnæði (heil húseign)
Stærð samtals 2.056,4 fm.
**Verð 530 milljónir**

Allar nánari upplýsingar veitir:


**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

2.056,4 fm. verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Afar vandað húsnæði á góðum og sérstökum stað. Húsnæðið er skipt upp í 4 útleigueiningar í dag. Ekki vsk. húsnæði. **Húseignin verður afhent væntanlegum kaupanda 1. janúar 2017.**



## TIL SÖLU
**Garðatorg 7, 210 Garðabær**
Skrifstofuhúsnæði
Stærð samtals 375,5 fm.
**Verð 95 milljónir**

Allar nánari upplýsingar veitir:


**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Vandað 375,5 fm. banka-/ skrifstofuhúsnæði á jarðhæð við Garðatorg í miðbæ Garðabæjar. **Laust frá 1. janúar 2017.**



## TIL SÖLU
**Þarabakki 3, 109 Reykjavík**
Skrifstofu-/verslunarhúsnæði
Stærð samtals 809,7 fm.
**Verð 145 milljónir**

Allar nánari upplýsingar veitir:


**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Tvö samlilggjandi fastanúmer, samtals 809,7 fm. banka-/skrifstofuhúsnæði á jarðhæð og í kjallara. **Laust frá 1. janúar 2017.**



## TIL SÖLU
**Höfðabakki 3, 110 Reykjavík**
Iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þremur hæðum
Stærð samtals 377,1 fm.
**Verð 63,9 milljónir**
Allar nánari upplýsingar veitir:


**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Húsnæðið á 1. hæð er með sérinngangi og skiptist í tvö opin rými, annað með parketi á gólfi. Á 2. hæð er að mestum hluta opið skrifstofurými með uppteknu lofti. 124,4 fm. iðnaðarrými á jarðhæð/kjallara.

# Ertu í sölu-, kaup- eða leiguhugleiðingum?
**Jöfur er sérhæfð leigumiðlun og fasteignasala með atvinnuhúsnæði.**



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sophus J. Nielsen**

kaupmaður,
Grenibyggð 36, Mosfellsbæ,

sem lést á heimili sínu mánudaginn 29. febrúar 2016, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Guðrún Margrét Friðriksdóttir Nielsen**
**Hildur Nielsen** **René Vervoort**
**Hjörtur Nielsen** **Ástríður S. Jónsdóttir**
**Anna Nielsen**
**Hildur Margrét, Hjörtur, Rúnar, Ólöf Helga, Guðrún, Aldís, Tómas, Edda Rún og langafabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigríður Guðmundsdóttir**

frá Hurðarbaki,
Grænumörk 2,

lést á Dvalarheimilinu Lundi 4. mars. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 16. mars kl. 14.00.

**Guðmundur Kr. Jónsson** **Lára Ólafsdóttir**
**Sigurður Jónsson** **Esther Óskarsdóttir**
**Þuríður Jónsdóttir**
**Gísli Árni Jónsson** **Emilía Gränz**
**Sigríður Jónsdóttir** **Valtýr Pálsson**
**Kári Jónsson** **Kristjana Kjartansdóttir**
**Gunnar Jónsson** **Anna Fríða Bjarnadóttir**
**Ásmundur Jónsson** **Margrét Alice Birgisdóttir**
**og barnabörn.**

# Fyrstu árin eftir útskrift

**Klængur Gunnarsson flytur átjánda og jafnframt næstsíðasta Þriðjudagsfyrirlestur vetrarins í Ketilhúsi í dag. Fyrirlesturinn ber nafnið Byrjunarreitur – Frábært en ókeypis?**

Efnt verður til hins vikulega Þriðjudagsfyrirlesturs í Ketilhúsi í Listasafninu á Akureyri í dag en fyrirlesturinn í dag er sá átjándi í röðinni og jafnframt næstsíðasti Þriðjudagsfyrirlestur vetrarins.

Fyrirlesturinn í dag flytur myndlistarmaðurinn Klængur Gunnarsson og ber hann nafnið Byrjunarreitur – Frábært en ókeypis?

„Hann fjallar svona svolítið um þessi fyrstu ár eftir útskrift úr listnámi þar sem ég tala svolítið svona út frá eigin reynslu og ég er svona aðallega að tala út frá listamannáreknum rýmum,“ segir Klængur og nefnir þar sem dæmi Crymogea og Kunstschlager.

Klængur mun því fjalla um bilið eða millibilsástandið sem myndast eftir útskrift þar sem viðkomandi er staddur á byrjunarreit og þar til hann verður þátttakandi í stofnunum á borð við söfn og gallerí. „Eins og ég tók þá ákvörðun að fara að vinna eiginlega í hálfri vinnu með. Þetta er ekki eins og maður sé að klára fimm ára nám í viðskiptafræði og svo fari maður að bomba út umsóknum, fái svo vinnu og fastar tekjur. Þetta er alveg dáldið snúið,“ segir hann og bætir við að hann muni einnig tengja fyrirlesturinn við herferðina VIÐ BORGUM MYNDLISTARMÖNNUM sem ætlað er að efla starfsvettvang myndlistarinnar og bæta kjör og stöðu myndlistarmanna á vegum SÍM.



**Klængur byggir efni fyrirlestrarins á eigin reynslu.** MYND/KLÆNGUR

Klængur útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2011 og hefur undanfarin tvö ár verið virkur þátttakandi í listasamfélaginu á Norðurlandi og tekið þátt í ýmsum sýningum.

Þriðjudagsfyrirlestrarnir eru samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Verkmenntaskólans á Akureyri, Háskólans á Akureyri, Myndlistaskólans á Akureyri, Gilfélagsins og Myndlistarfélagsins. Síðasta fyrirlesturinn flytur Mille Guldbeck myndlistarkona, þriðjudaginn 15. mars næstkomandi. Fyrirlesturinn í dag hefst klukkan 17.00 í Ketilhúsi og er aðgangur ókeypis og allir velkomnir. **gydaloa@frettabladid.is**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jens Líndal Bjarnason**

bifreiðastjóri,
Bakkastöðum 73a,

lést á heimili sínu sunnudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 9. mars kl. 13.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Karitas, s. 551-5606, karitas.is.

**Þorbjörg Pálsdóttir**
**Magnús Jensson** **Ásta Guðleifsdóttir**
**Kristjana Líndal** **Sigurður W. Egilsson**
**Páll Líndal** **Sigríður Erlingsdóttir**
**Ingdís Líndal** **Hallur Illugason**
**Unnsteinn Líndal** **Steinunn A. Guðmundsd.**
**Ævar Líndal**
**og afabörn.**



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Egill Þorvarðarson**

frá Söndum í Miðfirði,
Hamrabergi 24, Rvk.,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 3. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 11. mars kl. 13.

**Sigríður Eggertsdóttir**
**Kristín Stefánsdóttir**
**Steindór Ingi Kjellberg**
**Erla Björk Stefánsdóttir**
**Sólrún Margrét Stefánsdóttir**
**Stefán Gunnar Stefánsson**
**Aldís Inga Stefánsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Oddrún Kristófersdóttir**

lést á líknardeild LSH þann 26. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Arna Rún Cesarsdóttir** **Hrafn Leó Guðjónsson**
**Guðbjörg Krista Cesarsdóttir** **Elís Helgi Ævarsson**
**Kristrún Kristófersdóttir** **Logi Guðbrandsson**
**Smári Kristófersson** **Hrafnhildur Þorleifsdóttir**
**og barnabörn.**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**




Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Gísladóttir**

Álmskógum 1, Akranesi,

andaðist fimmtudaginn 3. mars á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 11. mars kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Gísli Runólfsson** **Inga Ósk Jónsdóttir**
**Sigurveig Runólfsdóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Sigurjón Runólfsson** **Brynja Guðmundsdóttir**
**Runólfur Runólfsson** **Margrét Þóra Jónsdóttir**
**Ragnheiður Runólfsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eggert Oddur Össurarson**

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 1. mars sl. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigurður Þ. Eggertsson** **Ingileif Kristinsdóttir**
**Valdimar Eggertsson** **Ásta M.Sigurjónsdóttir**
**Guðbjörg Eggertsdóttir** **Ásmundur K. Ólafsson**
**Ásdís Eggertsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson**
**og barnabörn og langafabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Hreinn Eyjólfsson**

lést á Borgarspítalanum í Reykjavík. Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju föstudaginn 11. mars 2016 kl. 15.00.

**Þrúður S. Ingvarsdóttir**
**Reynir S. Hreinsson** **Nina Björg Vilhelmsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigurlaug Theódóra Óskarsdóttir**

Miðhvammi, Húsavík,

lést föstudaginn 19. febrúar á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 11. mars kl. 14.00.

**Guðný Ósk Agnarsdóttir**
**Tómas Örn Agnarsson** **Rannveig Jónsdóttir**
**Hulda Guðrún Agnarsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn, langalangömmubörn og aðrir aðstandendur.**

STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE

**SÍÐAST SELDIST UPP Á 4 SÝNINGAR!**

**REYKJAVÍK**
LONDON
NEW YORK
DUBAI
LAS VEGAS



# STOMP

**HARPA 11. & 12. JÚNÍ**

„SANNKALLAÐIR SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH

„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR, FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY

„UNDRAVERÐ ORKA OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD

**MIÐASALA HEFST 10. MARS KL. 10!**

Floridana
LIFÐU VEL!

MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM 9. MARS. NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP

sena LIVE!

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Suðlæg átt í dag, yfirleitt 5-10 m/s. Skúrir eða él í flestum landshlutum, en dregur úr vindi þegar líður á daginn og styttir víðast hvar upp. Hiti yfir frostmarki á láglendi, en kólnar í kvöld og frystir víða.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -3° | -1° |
| ↖8 | ↖4 | ↑3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 0° | -3° |
| →2 | ↙4 | ↗4 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 1° | 2° |
| ↗8 | ↗16 | ↖15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 1° | -0° |
| ↖23 | →9 | ↑12 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. íþrótt
6. frá
8. hlaup
9. dýrahljóð
11. á fæti
12. ek
14. rithöfundur
16. tveir eins
17. tala
18. drulla
20. tveir eins
21. faðmlag

**LÓÐRÉTT**
1. kássa
3. líka
4. nennuleysi
5. hamfletta
7. dráttur
10. ar
13. Þjófnaður
15. ryk
16. verkur
19. óreiða

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** gel, **9.** urr, **11.** tá, **12.** keyri, **14.** skáld, **16.** tt, **17.** níu, **18.** aur, **20.** ff, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** mauk, **3.** og, **4.** letilíf, **5.** flá, **7.** frestun, **10.** ryk, **13.** rán, **15.** duft, **16.** tak, **19.** rú.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |









## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FERMINGARGRÆJURNAR HAFA ALDREI VERIÐ FLOTTARI

NÝHERJI

## LENOVO
YOGA 3 14"

Verð: 119.900 kr.

Yoga snertiskjár, i3 örgjörvi og 256GB SSD diskur.



## CANON
EOS M10 MEÐ 18-55MM LINSU

Verð: 74.900 kr.

Tilboðsverð: 69.900 kr.

Einstök EOS ljósmyndagæði og Wi-Fi í nettri vél.




## BOSE
SOUNDLINK ON-EAR

Verð: 39.900 kr.

Upplifðu þráðlaus Bose gæði. Aðeins 150 g.



## MOTO G
5"

Verð: 49.900 kr.

Tilboðsverð: 44.900 kr.

Kraftmikill 4ra kjarna snjallsími á frábæru verði.



## LENOVO
A7-30 7"

Verð: 16.990 kr.

Frábær spjaldtölva í lestur, leiki og kvikmyndir.



## SONY
SRS-X55 BLUETOOTH

Verð: 29.900 kr.

Tilboðsverð: 24.900 kr.

Magnaður þráðlaus hljómur með Bluetooth og NFC.



NÝHERJI | BORGARTÚNI 37 - 105 REYKJAVÍK - 569 7700 | KAUPANGI AKUREYRI - 569 7645 | netverslun.is

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING



„Sjaldgæft er að heyra barokktónlist eftir konur en það er vel við hæfi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna,“ segir Diljá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Konurnar eru í öndvegi

**Í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna í dag er Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk með tónleikahúsdagskrá í Hraunbergi 2 í Breiðholti og minnir á verk kvenna fyrr á tíð.**

Það er sjaldgæft að boðið sé upp á barokktónlist eftir konur,“ segir Diljá Sigursveinsdóttir fiðluleikari og lýsir tónleikahúsdagskrá í tónskóla Sigursveins í Hraunbergi 2 í kvöld klukkan 20. Konur eru þar í öndvegi og dagskráin kallast Í gegnum rimlana því stór partur verkanna er saminn af nunnum. „Í klaustrunum voru helst tækifæri fyrir konur að skrifa tónlist því þar fengu þær menntun,“ útskýrir Diljá.

Ítalskir lofsöngvar frá miðöldum verða sungnir líka, að sögn Diljár, höfundar þeirra eru óþekktir en hún segir ýmislegt benda til að þar hafi konur verið að verki. Á milli hinna fornu tónverka verður leikin ný raftónlist eftir Kristínu Lárusdóttur og farið verður með textabrot sem unnin hafa verið í samvinnu við leikstjórann Gígju Hólmgeirsdóttur. Lagt er út frá heimildum um ævi Lucreziu Orsina Vizzana sem bjó í Santa Christina klaustrinu í Bologna.

Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk stendur að dagskránni . „Við höfum verið að kynna barokk í Breiðholtinu fyrir nemendum Tónskólans og 7. bekkjar Hólabrekkuskóla, ásamt foreldrum, en í kvöld er opið fyrir alla,“ lýsir Diljá og segir framtakið lið í að færa tónlistina nær fólkinu. „Börnin voru opin og skemmtileg, lifðu sig inn í söguna sem við erum að segja og spurðu háleitra spurninga á eftir. Ég held líka að raftónlistin hennar Kristínar tengi saman fortíð og samtíð.“ Hún segir aðsókn að tónlistarnámi hafa minnkað í Breiðholtinu og margar ástæður geta legið til þess, meðal annars efnahag.

Leikið verður á upprunaleg hljóðfæri í kvöld í sal Tónskóla Sigursveins í Hraunbergi að sögn Diljár. „Þar er semballinn og við þyrpumst um hann.“ gun@frettabladid.is

**Í KLAUSTRUNUM VORU HELST TÆKIFÆRI FYRIR KONUR AÐ SKRIFA TÓNLIST ÞVÍ ÞAR FENGU ÞÆR MENNTUN**

## Þátttakendur í tónleikahúsdagskrá

**Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk, hann skipa Jóhanna Halldórsdóttir altsöngkona, Diljá Sigursveinsdóttir fiðluleikari, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir fiðluleikari, Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari, Steingrímur Þórhallsson, organisti og semballeikari, og Kristín Lárusdóttir tónskáld.**

**Sviðssetning er í höndum Gígju Hólmgeirsdóttur, leikstjóra og dramatúrgs. Einnig kemur fram ungt fólk úr Sönghópi Fjölbrautaskólans í Breiðholti og úr sönghópnum Litrófinu sem starfræktur er í Fella- og Hólakirkju undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur.**







# Þrettán mínútum frá því að drepa Hitler

„Þetta er í sjötta sinn sem við stöndum fyrir Þýskum kvikmyndadögum og þetta eru langvinsælustu kvikmyndadagarnir á hverju einasta ári í Bíói Paradís,“ segir Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar. „Það er mjög þéttur og flottur kjarni sem hefur einstakt dálæti á þýskri kvikmyndagerðarlist sem mætir alltaf. Þetta eru fyrstu kvikmyndadagarnir sem var byrjað með í Bíói Paradís og við höfum alveg frá upphafi gert þetta í góðu samstarfi við Goethe-stofnunina og þýska sendiráðið. Þetta hefur alltaf tekist ákaflega vel enda höfum við alltaf leitast við að hafa þetta fjölbreytt. Erum að sýna það ferskasta og besta en með áherslu á fjölbreytni þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Mér finnst ákaflega erfitt að gera upp á milli myndanna sem við erum með í ár. Við erum með sex nýjar og spennandi myndir sem eru þverskurður af því besta sem þýsk kvikmyndagerð hefur að bjóða. Það er líka rétt að fólk viti af því að það er enskur texti á öllum myndunum svona fyrir þá sem eru ekkert of sterkir í þýskunni.

En ég er sérstaklega spennt að sjá opnunarmyndina 13 mínútur, Elser en hún fjallar um manninn sem reyndi að drepa Hitler og tókst það næstum því. Það hefði að öllum líkindum gengið ef hann hefði haft þrettán mínútur til viðbótar. Myndinni er leikstýrt af Oliver Hirschbiegel sem frægur er fyrir kvikmyndina Downfall þannig að það er ljóst að hann er góður í að sýna þennan svarta tíma í þýskri sögu og er eiginlega algjör Hitlersérfræðingur en þetta er margverðlaunuð mynd.

Phoenix finnst mér líka vera mjög spennandi og fólk hefur borið henni ákaflega vel söguna. Svo er mynd þarna sem heitir We are Young. We are Strong (Wir Sind Jung. Wir Sind Stark) og tekst á við viðfangsefni sem er ofarlega á baugi þessa dagana. Hún fjallar um hvernig nýnasistarnir urðu til í Þýskalandi, uppruna þeirra og uppgang, en þremur árum eftir fall Berlínarmúrsins hófust miklar óeirðir gegn innflytjendum í borginni Rostock í Austur-Þýskalandi. Árásir voru gerðar á flóttamannabúðir í jaðri borgarinnar. Þremur dögum eftir árásirnar náði þessi ólga hámarki þegar þrjú þúsund mótmælendur, nýnasistar, kveiktu í búðum þar sem Víetnamar höfðust við. Myndin er byggð á þessum atburðum og er afar sjónræn og spennandi reynsla. Þetta er svart-hvít mynd þar sem leikstjórinn, Burhan Qurbani, leyfir hverju skoti að lifa og nær að láta senurnar skila reiðinni og kraftinum sem ólgaði undir í samfélaginu. Mjög spennandi mynd.

En svo erum við að sýna eina alveg geggjaða mynd sem heitir B-Movie: Lust & Sound in West Berlin 1979-1989. Þetta er svona tónlistar- og tíðarandaveisla með alveg æðislegu myndefni. Þetta var svo geggjaður tími Í Berlín sem var eins og útgáfa af New York á þessum árum og stemningin greinilega alveg mögnuð, Nick Cave í banastuði og allt að gerast. Þannig að það er bara um að gera að koma og njóta.“
magnus@frettabladid.is



Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, segir Þýska kvikmyndadaga vera þá allra vinsælustu á hverju starfsári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Úr kvikmyd Oliver Hirschbiegel, 13 mínútur, Elser.

**VIÐ ERUM MEÐ SEX NÝJAR OG SPENNANDI MYNDIR SEM ERU ÞVERSKURÐUR AF ÞVÍ BESTA SEM ÞÝSK KVIKMYNDAGERÐ HEFUR AÐ BJÓÐA.**




## Miðlungsbrennt malað kaffi

úr 100% Arabica baunum

Rautt Merrild er miðlungsbrennt sígillt kaffi, fullkomið og bragðmikið. Miðlungsbrennsla þýðir að baunir eru ristaðar þar til þær fá ljósbrúnana lit, ljúfan og jafnan keim og notalegan ilm.

**HÆG UPPÁHELLING BÝR TIL GÓÐAR STUNDIR** – *svona gerirðu betra kaffi*

1  Settu kaffipoka í trektina.

2  Mældu sléttfulla matskeið í pokann fyrir hvern bolla eða 6-7 g á 1,5 dl. Örlítið meira ef þú vilt hafa kaffið sterkt.

3  Bíddu augnablik eftir að vatnið er búið að sjóða – best er að hitastigið sé u.þ.b. 93°C. Helltu dálitlu vatni yfir kaffið, rétt til að bleyta upp í því.

4  Haltu áfram að hella vatninu smám saman þar til kaffið er tilbúið.

ENNEMM / SIA • NM67254




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| LONDON HAS FALLEN VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ROOM | KL. 8 - 10:30 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 8 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 10:20 |
| STAR WARS 2D | KL. 5 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 10:20 |
| THE DANISH GIRL | KL. 5:40 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 8 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 10:30 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 8 - 10:20 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE DANISH GIRL | KL. 8 |
| THE BIG SHORT | KL. 5:20 - 10:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| THE BROTHERS GRIMSBY | KL. 6 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BROTHERS GRIMSBY | 6, 8, 10 |
| TRIPLE 9 | 10 |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 6, 8 |
| ZOOTROPOLIS 2D | 5:40 ÍSL.TAL |
| DEADPOOL | 8, 10:20 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

## 8. MARS 2016

### Málstofa

**Hvað?** Hringferð: Misnotkun staðreynda? Áfengi og önnur vímuefni í fjölmiðlum
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Norræna húsið
Málstofan er hluti af hringferð Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar undir yfirskriftinni Misnotkun staðreynda? Áfengi og önnur vímuefni í fjölmiðlum. Fagfólk fer yfir dæmi um umfjöllun um áfengi og önnur vímuefni. Meðal þess sem rætt verður um er hvernig fjölmiðlar fjalla um áfengi og önnur vímuefni, hvernig rannsakendur og fjölmiðlafólk geti bætt samskipti sín á milli og umfjöllun í fjölmiðlum um vímuefni og hvaða heimildum sé treystandi. Málþingið fer fram á íslensku og er aðgangur ókeypis en skráning fer fram á vef Norræna hússins.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Small, [Remote] and International – Embracing Interdisciplinary Approach in Design Education
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti 11
Richard Vodička, varadeildarforseti alþjóðaskrifstofu Tomas Bata háskólans í Zlín í Tékklandi flytur fyrirlesturinn Small, [Remote] and International – Embracing Interdisciplinary Approach in Design Education í fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands, Gestagangi. Richard mun meðal annars ræða um þverfagleg verkefni og alþjóðlegar sýningar sem hann hefur tekið þátt í. Auk þess mun hann fjalla um hönnunarnám og ólíka aðferðafræði í kennslu, þverfræðilegt samstarf hönnunargreina við aðrar greinar. Fyrirlesturinn er í sal A í húsnæði hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og eru allir velkomnir.

**Hvað?** Byrjunarreitur – Frábært en ókeypis?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ketilhús, Listasafni"nu á Akureyri
Myndlistarmaðurinn Klængur Gunnarsson flytur Þriðjudagsfyrirlestur í Ketilhúsi undir yfirskriftinni Byrjunarreitur – Frábært en ókeypis? og fjallar þar um hvað bíður listnema eftir útskrift út frá eigin reynslu. Einnig mun hann ræða listamannarekin rými, samstarf við gallerí og liststofnanir, stöðu og umhverfi styrkja og fleira. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Ferðasaga í myndum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Auðunarstofa, Hólum í Hjaltadal
Þórunn Jarla Valdimarsdóttir segir frá dansferðalagi til Gíneu Conacry í dag. Kaffiveitingar á undan erindi.

**Hvað?** Hvað á að gera við afa? Um hlátur og húmor
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Félagsmiðstöðin, Hæðargarði 31
Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur fjallar um húmor og tengsl hans við samfélagið og ræðir meðal annars fræg hlátursköst, húmor og hörmungar og bannaðan húmor í erindi á vettvangi U3A Reykjavík. Aðgangseyrir er 500 krónur og allir eru velkomnir.

### Námskeið

**Hvað?** Kate Magic – Detox Techniques
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Kate Magic gefur góð ráð fyrir þá sem ætla að skella sér í hreinsun. Verð á námskeiðið er 6.000 krónur og fer skráning fram inni á vefsíðu Gló.is.

### Tónlist

**Hvað?** B-in á 20.öld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7
Kammersveit Reykjavíkur flytur verk eftir Bach, Beethoven og Brahms.

**Hvað?** Kvartett Jóels Pálssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel
Kvartett saxófónleikarans Jóels Pálssonar kemur fram á hinu vikulega djasskvöldi Kex hostels í kvöld. Auk Jóels skipa kvartettinn þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Þórður Högnason á kontrabassa og Einar Scheving á trommur og munu þeir flytja úrval þekktra djasslaga. Aðgangur er ókeypis.


Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur fjallar um húmor og tengsl hans við samfélagið í erindinu Hvað á að gera við afa? Um hlátur og húmor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvað?** Skúli mennski og band
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Skúli mennski kemur fram á Café Rosenberg ásamt hljómsveit. Miðaval er frá 1.000 krónum.

**Hvað?** Karókíkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Karókístuð og stemning á Gauknum í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Dj John Brnlv
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj John Brnlv þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Orang Volante
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið

### Uppákomur

**Hvað?** Gong slökun
**Hvenær?** 20.10
**Hvar?** Byoga, Nethyl 2
Gong slökun í Byoga. Hægt er að velja um að liggja á dýnu eða í hengirúmi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og er engin reynsla af jóga nauðsynleg.

### Fundir

**Hvað?** Öruggi í vinnunni? Kynbundin og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum
**Hvenær?** 11.45
**Hvar?** Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38
Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna efna ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð til hádegisverðarfundar þar sem fjallað verður um kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustað. Þrjú erindi verða


Skúli mennski verður á Café Rosenberg í kvöld.



# Kammersveit Reykjavíkur leikur verk eftir B-in fjögur

Kammersveit Reykjavíkur leikur á síðustu tónleikum starfsársins í kvöld í Listasafni Íslands en sveitin var stofnuð árið 1974 og kemur hún fram í misstórum hópum og ræðst stærðin af þeim tónverkum sem flytja skal hverju sinni.

Tónleikarnir bera yfirskriftina B-in á 20. öld og verða leikin verk eftir nokkur af fremstu tónskáldum 20. aldarinnar. Flutt verða verk eftir Britten, Bartók, Berg og Berio en verkin voru samin á tímabilinu 1913-1964.

Verkin hafa öll sín sérstöku einkenni og meðal þeirra verka sem flutt eru verða Fantasíu-kvartett Brittens sem hann samdi á nítjánda aldursári og Contrasts eftir Bartók. Einnig verða Þjóðlög Lucianos Berio flutt en þau hafa nokkrum sinnum verið flutt af Kammersveitinni og mun Hanna Dóra Sturludóttir syngja verkið að þessu sinni og sveitinni stjórnar Bjarni Frímann Bjarnason.

Tónleikarnir fara fram í Listasafni Íslands á Fríkirkjuvegi og hefjast klukkan 20.00. Aðgangseyrir er 3.500 en 2.500 fyrir nemendur og eldri borgara. **– gló**

## Flutt verða verkin:

**Benjamin Britten Phantasy Quartet op. 2 (1932) fyrir óbó, fiðlu, víólu og selló**

**Béla Bartok Contrasts (1938) fyrir fiðlu, klarinett og píanó**

**Alban Berg Vier Stücke op. 5 (1913) fyrir klarinett og píanó**

**Luciano Berio Folk Songs (1964)**



**Kammersveit Reykjavíkur leikur í Listasafni Íslands í dag.** MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON



flutt og er aðgangseyrir 2.500 krónur en innifalinn er hádegisverður.

**Hvað?** Kynningarfundur fyrir Forritunarkeppni framhaldsskólanna
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík, Stofa V201
Nemendafélag kvenna í tölvunarfræði við HR/sys/tur stendur fyrir kynningarfundi um Forritunarkeppni framhaldsskólanna sem fer fram 18. til 19. mars næstkomandi. Farið verður yfir hverju keppendur mega búast við og farið í léttar forritunaræfingar. Áhugasamir eru hvattir til þess að kíkja við og er reynsla af forritun ekki skilyrði.

## Opið hús

**Hvað?** Opið hús hjá Stígamótum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Stígamót, Laugavegi 170
Stígamót halda upp á 26 ára afmæli með opnu húsi. Farið verður yfir starfsemi síðastliðins árs og nýjar tölur úr ársskýrslu 2015 kynntar.

**Hvað?** Q&A með stofnendum ferðaþjónustufyrirtækja: Af hverju er ég að þessu?
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Startup Tourism, Suðurlandsbraut 4
Haukur Viðar Jónsson, meðstofnandi SmartGuide, og Sigrún Nikulásdóttir, meðstofnandi New Moments, sitja fyrir svörum í Q&A um stofnun fyrirtækja í ferðaþjónustu. Fundurinn fer fram á 7. hæð og er aðgangur ókeypis.






19:25
**KOKKUR ÁRSINS**
Vönduð þáttaröð í þremur hlutum í umsjá Rikku þar sem hún fylgist með undirbúningi og keppendum sem berjast sín á milli um titilinn Kokkur ársins 2016.

FRÁBÆR ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



20:10
**MODERN FAMILY**
Glænýr og stórskemmtilegur þáttur í hverri viku um stórfjölskylduna frábæru.



20:35
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



21:20
**100 CODE**
Rannsóknarlögreglumaður frá New York er fenginn sem ráðgjafi til sænsku lögreglunnar en þar hafa ungar, ljóshærðar og bláeygðar konur fundist myrtar á óhugnanlegan hátt.




22:05
**TRANSPARENT**
Frábærir gamanþættir um fjölskyldu sem þarf aldeilis að breyta ýmsu í lífi sínu þegar höfuð fjölskyldunnar kemur þeim í opna skjöldu.



22:00
**THE DROP**
Bob Saginowski tengist ráni sem fer úrskeiðis en hann kemur úr hverfi þar sem allir þurfa að hafa mikið fyrir því að hafa í sig og á.




21:05
**ONE BORN – WHAT HAPPENED NEXT**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgt er eftir nokkrum eftirminnilegum pörum úr fyrri þáttaröðum og fjallað um lífið eftir fæðingu.

©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Brunabílarnir
07.45 Scooby-Doo! Leynifélagið
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Junior Masterchef Australia
11.50 Cristela
12.15 Lýðveldið
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
13.40 American Idol
15.05 American Idol
15.50 White Collar
16.35 Hollywood Hillbillies
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu.
19.25 Kokkur ársins
19.50 The Big Bang Theory
20.10 Modern Family
20.35 Major Crimes
21.20 100 Code Hörkuspennandi þættir sem gerast í Stokkhólmi en þegar ungar konur finnast látnar eftir að hafa verið myrtar á hrottalegan hátt er rannsóknarlögreglumaðurinn Tommy Conley fenginn að láni frá New York til að aðstoða lögregluna í Stokkhólm til þess að leysa þessi mál.
22.05 Transparent
22.35 Mad Dogs
23.20 Last Week Tonight with John Oliver
23.50 Grey's Anatomy
00.35 Bones
01.20 Girls
01.50 The Player
02.35 The Strain
03.20 The Strain
04.05 NCIS
04.50 Major Crimes
05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

07.00 Njarðvík - Haukar
08.35 Messan
09.50 Crystal Palace - Liverpool
11.35 WBA - Man. Utd.
13.20 Cleveland - Washington
15.05 Slaktaumatölt
16.05 Borussia Dortmund - Bayern Munchen
17.45 Þýsku mörkin 2015-2016
18.10 Ítölsku mörkin 2015/2016
18.35 Premier League Review 2015
19.30 Real Madrid - Roma (beint)
21.45 Meistaradeildarmörkin
22.15 Wolfsburg - KAA Gent
00.05 Hull - Arsenal
01.45 Evrópudeildin - fréttaþáttur

## SPORT 2

12.35 Everton - West Ham
14.20 Swansea - Norwich
16.05 Man. City - Aston Villa
17.45 Roma - Fiorentina
19.30 Wolfsburg - KAA Gent Bein útsending
21.45 Eibar - Barcelona
23.25 Barcelona - RN-Löwen

## GOLFSTÖÐIN

08.00 World Golf Championship 2016
12.00 PGA Tour 2016 – Highlights
12.55 Golfing World 2016
13.45 World Golf Championship 2016
17.45 Golfing World 2016
18.35 World Golf Championship 2016

## STÖÐ 3

18.45 Last Man Standing
19.10 Baby Daddy
19.30 The Amazing Race: All Stars
20.20 Drop Dead Diva
21.05 One Born Every Minute
21.55 Pretty Little Liars
22.40 Mayday
23.25 The Listener
00.10 American Horror Story: Freak Show
01.00 The Amazing Race: All Stars
01.45 Drop Dead Diva
02.25 One Born Every Minute
03.15 Pretty Little Liars
03.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.45 Tom and Jerry
07.50 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Rasmus Klumpur og félagar
08.55 UKI
09.00 Lína Langsokkur
09.23 Latibær
09.48 Hvellur keppnisbíll
10.00 Ofurhundurinn Krypto
10.25 Brunabílarnir
10.47 Ævintýraferðin
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.45 Gulla og grænjaxlarnir
11.55 Tom and Jerry
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Rasmus Klumpur og félagar
12.55 UKI
13.00 Lína Langsokkur
13.23 Latibær
13.48 Hvellur keppnisbíll
14.00 Ofurhundurinn Krypto
14.24 Brunabílarnir
14.48 Ævintýraferðin
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.45 Gulla og grænjaxlarnir
15.55 Tom and Jerry
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Rasmus Klumpur og félagar
16.55 UKI
17.00 Lína Langsokkur
17.23 Latibær
17.48 Hvellur keppnisbíll
18.00 Ofurhundurinn Krypto
18.24 Brunabílarnir
18.48 Ævintýraferðin
19.00 Dino Mom



Tommi og Jenni 15:55

## GULLSTÖÐIN

18.35 Raising Hope
19.00 Friends
19.25 Veggfóður
20.05 Hið blómlega bú 3
20.40 Besti vinur mannsins
21.05 Dallas
21.50 Nikita
22.35 Cold Case
23.20 Chuck
00.05 Veggfóður
00.45 Hið blómlega bú 3
01.15 Besti vinur mannsins
01.40 Dallas
02.25 Nikita
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

10.50 Groundhog Day
12.30 The Fault in Our Stars
14.35 Dumb and Dumber To
16.25 Groundhog Day
18.05 The Fault in Our Stars
20.10 Dumb and Dumber To Það eru liðin 20 ár síðan við kynntumst félögunum Harry Dunne og Lloyd Christmas. Nú leggja þeir upp í ferðalag til að hafa uppi á dóttur Harrys og athuga hvort hún geti gefið honum annað nýra úr sér. Eins og við er að búast þá er þetta skrautlegt ferðalag og ýmislegt sem kemur uppá á leiðinni. Með aðalhlutverk fara Jim Carrey og Jeff Daniels.
22.00 The Drop
23.45 Brake
01.15 Uncertainty Rómantísk mynd frá 2009 sem fjallar um ungt og ástfangið par sem stendur skyndilega frammi fyrir erfiðri ákvörðun sem mun hafa gríðarleg áhrif á framtíð þeirra.
03.00 The Drop

## RÚV

17.00 Lögreglukonan
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Hopp og hí Sessamí
18.18 Millý spyr
18.25 Sanjay og Craig
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Sjöundi áratugurinn – Tímarnir líða og breytast
20.50 Sætt og gott
21.15 Castle
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Hamingjudalur
23.20 Spilaborg
00.10 Kastljós
00.45 Fréttir
01.00 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Top Chef
09.50 Minute to Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
12.50 Dr. Phil
13.30 The McCarthys
13.55 Emily Owens M.D
14.40 Judging Amy
15.25 Welcome to Sweden
15.50 America's Next Top Model
16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Black-ish
20.15 Jane the Virgin
21.00 The Good Wife
21.45 Elementary
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Brotherhood
00.35 Code Black
01.20 Complications
02.05 The Good Wife
02.50 Elementary
03.35 The Late Late Show with James Corden
04.15 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin


GEFÐU KORT
AÐ ÆVINTÝRUM
Gjafakort Útilífs er tilvalin gjöf handa fermingarbarninu og ávísun á ævintýri.
GJAFAKORT
ÚRVALIÐ ER Í
ÚTILÍF
GJAFAKORT
ÚTILÍF
síðan 1974
Úrvalið er í Útilíf.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ





Arna Ýr er sannarlega verðugur fulltrúi Íslendinga í keppninni. Hún stóð sig býsna vel í Kína í desember. . MYND/ANNA MAGGÝ

# Bara verið að gefa mér skemmtiferð

Arna Ýr Jónsdóttir, handhafi titilsins ungfrú Ísland, tekur fyrst íslenskra kvenna þátt í Miss EM sem fram fer í Þýskalandi samhliða Evrópumeistaramótinu í fótbolta í Frakklandi í sumar. Hún er nokkuð bjartsýn á úrslitin.

Það eru til svo margar keppnir, að maður hefur ekki tölu yfir þetta allt saman. En mér skilst að þessi keppni hafi verið í gangi í mörg ár,“ segir fegurðardrottningin býsna spennt fyrir ævintýrinu. „Ég fékk skilaboð á Facebook sem enduðu í möppunni messages request, þar sem við erum ekki vinir á Facebook, og ég sá þau því algjörlega óvart. Mér leiddist bara heima og er ekkert smá heppin með að hafa rekið augun í þessi skilaboð,“ útskýrir hún kát. „Ef ég hefði ekki haft samband, hefðu þau bara fengið einhverja aðra stelpu í þetta, þar sem Ísland verður að vera með og ég held að hægt sé að sækja um að fá að fara fyrir Íslands hönd. Sú sem ég ræddi við sagði auðvitað best að fá þá sem væri Ungfrú Ísland og eftir að hafa ráðfært mig við Heiðar Jónsson snyrti þá ákvað ég að slá til.“

**Þarf að fá búninga**

Sjálf hafði Arna ekki heyrt um keppnina áður, ekki frekar en fjölmargir Íslendingar. Má gera ráð fyrir að Knattspyrnusamband Íslands komi að þátttöku Örnu að einhverju leyti? „Ég held ekki, ég hef að minnsta kosti ekkert heyrt neitt frá þeim. En ég verð að fara og redda mér landsliðsbúningi. Svo er mér sagt að ég verði að láta taka af mér mynd með landsliðinu.“

> **ÞVÍ MIÐUR. FÓTBOLTI ER MINN HELSTI ÓVINUR. KÆRASTINN MINN HEFUR VERIÐ MIKIÐ Í FÓTBOLTA SVO ÉG VERÐ AÐ FÁ HANN TIL AÐ FARA AÐEINS YFIR ÞETTA MEÐ MÉR.**

**Fagnar 21 árs afmæli í háloftunum**

Arna er að vonum spennt fyrir ferðinni, sem tekur aðeins um fimm daga og flýgur hún út á tuttugu og eins árs afmælisdaginn sinn, 30. maí næstkomandi. „Vinkonur mínar ætla að koma með mér svo þetta verður bara skemmtileg stelpuferð,“ skýtur hún að. Sjálf þarf Arna ekki að hafa mikið fyrir þátttökunni, en alls keppa tuttugu og fjórar stúlkur um titilinn Miss EM. Koma þær tvisvar fram, annars vegar á bikinísýningu og svo í síðkjól. „Það fer því enginn massaundirbúningur í þetta. Ég á allt sem þarf enda stutt síðan ég var í Kína og svo ætlar besta vinkona mín, Hugrún Birta Egilsdóttir sem keppti með mér í Ungfrú Ísland, að lána mér kjólinn sinn.“

Arna hefur því engu að tapa og allt að vinna ef svo má að orði komast, en sigurvegari keppninnar hlýtur fimm þúsund evrur og þarf sáralítið að gera í framhaldinu. „Ég þarf bara að tala fallega um keppnina og eigendurna auk þess að bera borðann í þeim viðtölum sem ég fer í. Sjálf er ég nokkuð vongóð, þar sem þetta eru ekki svo margar stelpur og þetta eru ekki allt stelpur sem hafa unnið Ungfrúr-keppnir í sínum löndum,“ segir hún brosandi. Ekki verður hjá því komist að spyrja hana hvort sjálf sé hún áhugamanneskja um fótbolta. „Nei, því miður. Fótbolti er minn helsti óvinur. Kærastinn minn hefur verið mikið í fótbolta svo ég verð að fá hann til að fara aðeins yfir þetta með mér,“ svarar hún að lokum. gudrun@frettabladid.is



Íslenska karlalandsliðið fer til Frakklands og keppir þar í knattspyrnu á meðan Arna Ýr keppir í fegurð hinum megin við landamærin, í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Læknastofa**

Höfum flutt læknastofu okkar í IVF klínikina Glæsibæ
Álfheimum 74. s 430 4000, reykjavik@ivfklinikin.is

**Guðmundur Arason læknir**
**Þórður Óskarsson læknir**
sérfræðingar í kvensjúkdómum og frjósemislækningum

# Langar að vinna með Lenny og Lisu

Zoë Kravitz, dóttir tónlistarmannsins Lenny Kravitz og leikkonunnar Lisu Bonet, hefur lýst yfir áhuga sínum á því að vinna með hinum þekktu foreldrum sínum.

Sjálf hefur hún greinilega fengið eitthvað af hæfileikum foreldra sinna í vöggugjöf því hún hefur áorkað ýmsu á undanförnum árum og verið talsvert áberandi á síðustu árum. Nú vinnur hún að sinni annarri breiðskífu ásamt hljómsveit sinni Lolawolf en sveitin var stofnuð fyrir tveimur árum og gaf út plötuna Calm Down árið 2014 og hefur einnig gefið út tvær EP-plötur, Lolawolf árið 2014 og Every Fucking Day árið 2015.

Í viðtalinu við WENN sagði hún einnig frá því að hún hefði nýverið stofnað eins konar listahóp ásamt vinum sínum og stefnan væri sett á handritaskrif. Hún væri umkringd ýmsu hæfileikafólki og þeirra meðal leikurum, listamönnum, rithöfundum og leikstjórum. Hún hefði því velt því fyrir sér af hverju þau sameinuðu ekki krafta sína og gerðu eitthvað skapandi saman.

Zoë hefur á síðustu árum vakið talsverða athygli. Hún er fædd árið 1988 og hefur auk fyrrnefndra starfa á tónlistarsviðinu komið fyrir á hvíta tjaldinu þar sem hún lék meðal annars Angel Salvadoer í X-Men: First Class og Toast the Knowing í Mad Max: Fury Road auk ýmissa annarra hlutverka. En hennar fyrsta hlutverk var í kvikmyndinni No Reservations þar sem hún fór með lítið hlutverk á móti Catherine Zeta-Jones árið 2007.



Einnig hefur hún starfað sem fyrirsæta og gaf út skartgripalínu í samstarfi við Swarovski árið 2013. Að auki þykir hún vera með puttann á púlsinum þegar kemur að tísku og situr oft á fremsta bekk, eða í það minnsta framarlega, á tískusýningum. Nú síðast var hún á fremsta bekk á sýningu Veru Wang um helgina ásamt Kylie Jenner, einni af hinum margumræddu Kardashian-systrum.



# Trendið
## X-faktorinn


Derek Lam


Givenchy


ADEAM


Jason Wu


Tome


ADEAM


Derek Lam


**Zoë ásamt foreldrum sínum, Lenny Kravitz og Lisu Bonet.**
NORDICPHOTOS/GETTY


# Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist?
Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Miðvikudaginn 9. mars
kl. 18:30 í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

**TAKTU SKREFIÐ!**

Heilsulausnir – léttara líf hefst 14. mars
Síðustu námskeiðin þar til í haust

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.
Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 7.20, 10.00 eða 16.30.
Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.
Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

**Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is**

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010








Anna Tara segir textann hafa komið nokkuð hratt og örugglega upp í hendurnar á þeim í kjölfar alls fársins sem fylgdi framkomu þeirra hjá Gísla Marteini.

# Orðnar þreyttar á öllum þessum fanbois

„Lagið þeyttist fram á nokkrum dögum," segir Anna Tara Andrésdóttir um spánnýtt lag og myndband Reykjavíkurdætra, Fanbois.

Þetta er ekki djúpt lag, við vorum bara orðnar svo fokking þreyttar á öllum þessum „fanbois", gjörsamlega óþolandi hvað það situr um okkur mikið af smástrákum," segir Anna Tara Andrésdóttir um nýtt lag runnið undan rifjum Hljómsveittrar, sem hún myndar ásamt systur sinni, Katrínu Andrésdóttur. Til að flækja málið örlítið er Hljómsveitt svo undir Reykjavíkurdætrum og því má segja að lagið Fanboi sé nýjasta afsprengi þeirrar umdeildu sveitar. Líkt og alþjóð varð vitni að fyrir um tveimur vikum, í þættinum Vikan með Gísla Marteini á RÚV, átti hópurinn aldeilis innkomu og í stuttu máli fór internetið á hliðina er Ágústa Eva Erlendsdóttir gekk út. Það var einmitt í beinu framhaldi sem lagið Fanboi varð til að sögn systranna.

„Það var lítið mál og verkefnið þeyttist áfram á nokkrum dögum. Eftir þátt Gísla Marteins veltu margir fyrir sér hvort strákar hefðu komist upp með gjörning líkt og Reykjavíkurdætur. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort þær hafi komist upp með þann gjörning ef marka má viðbrögð samfélagsins. Í texta lagsins er farið yfir mörg þekkt íslensk rapplög eftir karlmenn og þannig velta þær upp spurningunni um tvöfalt siðgæði kynjanna og fleira. Þá er skoðað hvers vegna slíkir textar eru samdir og hvers vegna lög með slíkum textum verða vinsæl," bendir Anna Tara á.

Í texta lagsins er sem sagt vitnað í nokkra vinsælustu rappara landsins svo sem Hr. Hnetusmjör, Blaz Roca, Gísla Pálma og Emmsjé Gauta, sem nokkuð óáreittir hafa getað ort um það sem þeim sýnist.

Anna Tara samdi textann með bróður sínum, Alex Michael Green. Hann leikstýrði og pródúseraði myndbandið ásamt Alexander Hrafni Ragnarssyni og verður það frumsýnt á Vísi á morgun. „Við erum ekkert að reyna að starta neinu „beefi" þó svo að hér sé verið að skjóta á hina ýmsu rappara, svo það sé sagt," segir Anna Tara og skýtur inn laufléttu „love love" að lokum.

**gudrun@frettabladid.is**



**EFTIR ÞÁTT GÍSLA MARTEINS VELTU MARGIR FYRIR SÉR HVORT STRÁKAR HEFÐU KOMIST UPP MEÐ GJÖRNING LÍKT OG REYKJAVÍKURDÆTUR.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## TEXTABROT ÚR FANBOI

Svíf yfir bráðinni því ég er svo fly
ein nótt með mér og þú verður high
Eg rúlla eins og keilukúla og næ fellu
Svona sem ég rúlla, elskumessar mellur
það er mánudagur ekki angra mig
þá fer ég á húð og kyn
það kemst engin undan mínum taktföstu hips
slæða upp á frænda segi dick viltu bitch

Ég lyfti mér upp við þetta lyftiduft
ef þú ert á efninu hendur upp
finnur hann hverfin finnur finnur hann í hverfinu
fremstur í fylkingunni í free the nipple byltingunni

Beygðu þig niður það er dinner time
ABCD og þú veist hvað kemur næst
Nenni ekki pillow talk þú færð ekki meir
komið i story, þú skalt drulla þér heim

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Þó Peugeot 308 hafi hlotið fjölda verðlauna út um allan heim þá eru það ekki bara verðlaunin sem skera hann frá samkeppninni. Ómótstæðilegir aksturseiginleikar, gott rými fyrir bæði farþega og farangur, eyðslugrannar og endingargóðar vélar*, hvort sem er dísil eða bensín, með eldsneytiseyðslu frá 3,1L/100km og $CO_2$ útblástur frá 82g/km, þá eru þetta eiginleikar sem einfaldlega er erfitt og nær ómögulegt að keppa við. **Komdu og prófaðu Peugeot 308, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



# Kennarakarakter

Þegar ég var fjórtán ára var mér bókstaflega hent út úr tíma fyrir að rífa kjaft. Kennarinn náði taki á jakkakraganum og buxnastrengnum. Svo lyfti hann 150 sentimetrunum á loft, opnaði dyrnar með öðrum fætinum og henti mér fram á þröngan ganginn. Ég lenti á veggnum. Ég meiddi mig ekki en stoltið var sært. Það hafði verið þaggað niður í hroku litlu. Þetta var fyrir tíma Mentors og hundrað tölvupósta á dag frá kennurum til foreldra. Mamma fékk enga hegðunarskýrslu en ég valdi sjálf að tuða yfir þessu við kvöldverðarborðið. Mamma sagði að ég þyrfti að hætta að vera svona óþolandi. Málið var útrætt.

Þessi kennari hafði mikil áhrif á mig. Hann leyfði sér að vera manneskja í starfi sínu. Með tilfinningar, karakter og breyskleika. Hann skipti skapi og var sannarlega stundum ósanngjarn, eins og við hin. En líka ferlega skemmtilegur, eins og við hin. Honum ofbauð og við gátum sært hann. Og hann varð brjálaður og við skömmuðumst okkar. En við glöddum hann líka og ég veit að honum þótti raunverulega vænt um okkur. Mér fannst hann alvöru og ég bar mikla virðingu fyrir honum.

Við lestur fréttar um foreldri sem íhugar að kæra kennara fyrir vanrækslu því barnið hans snerti gúmmíkurl á skólatíma, varð mér hugsað til gamla kennarans míns (og reyndar líka til þess þegar við vorum send út að tína sígarettustubba). Kennarastarfið hefur breyst mikið á stuttum tíma. Kennarar eru undir foreldrasmásjá í formi endalausra samskipta. Þeir kenna börnum sem hafa alist upp við að þau eigi alltaf rétt á skoðunum og megi alltaf tjá þær – og í mörgum tilfellum hafi alltaf rétt fyrir sér. Ungæðisleg réttlætiskennd undir ofverndun ofurforeldra. Leiðin til að vinna við slík skilyrði hlýtur að vera skapgelding og karaktersneyðing.

Ég myndi alla daga frekar vilja klessa á vegg.







